



# Ársskýrsla 2020

## Velferðarsvið

## Reykjanesbæjar



# Ársskýrsla 2020

## Velferðarsvið

## Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 17. febrúar 2020



## Ávarp sviðsstjóra

Heimsfaraldurinn Covid 19 setti mark sitt á starfsemi velferðarsviðs á árinu sem og lífshætti alla, líðan starfsmanna og notenda þjónustunnar og samfélagið í heild sinni, ekki síst vegna verulegra breytinga á vinnumarkaði og atvinnuleysis sem hefur frá vormánuðum farið stígandi í sveitarféluginu og náði 23,3% í desember. Reglur um sóttvarnir og fjöldatakmarkanir, sóttkví og einangrun og aðrar ráðstafanir sem grípa þurfti til í fyrirbyggjandi tilgangi höfðu áhrif á daglega starfsemi og þjónustu sviðsins. Starfsstöðvar þurftu m.t.t. þróunar faraldursins að draga úr eða loka starfsstöðvum tímabundið, starfsstöðvum og þá um leið starfshópum var skipt upp, fjarvinna innleidd þar sem því var við komið og þjónusta á stundum færð yfir í fjarvinnslu í gegnum síma og tölvur, auk þess sem áhersla var lögð á aukinn rafræn samskipti milli notenda, starfsmanna og annarra samstarfsaðila. Höfuðáherslan var lögð á að halda uppi órofa starfsemi á velferðarsviði með sérstakri áherslu á viðkvæmustu hópana þ.m.t. börn og fjölskyldur, fatlaða og aldraða. Í þessum eftum hafa starfsmenn lagst á eitt að við að halda uppi nauðsynlegri velferðarþjónustu við mjög svo óeðlilegar aðstæður í samféluginu og eiga sérstakar þakkar skildar fyrir framlag sitt og lausnarmiðað nágun við útfærslu þjónustunnar. Heimsfaraldurinn fól þó ekki eingöngu í sér áskoranir heldur einnig tækifæri. Samstarf í atvinnumálum með námsmannaátaki ríkisins og þátttöku sveitarfélagsins til atvinnusköpunar gerði það að verkum að hægt var að bæta við sumarúrræðum fyrir börn og fullorðna og styrkja þau úrræði sem fyrir voru. Félagsmálaráðuneytið lagði auk þess til fjármagn með Covid- 19 viðspyrnustyrkjum sem gerðu velferðarsviði kleift að fara í aðgerðir til að sporna við félagslegri einangrun og skertri samveru vegna Covid-19 hjá fjölbreyttum hópum og verður vikið nánar að þessum verkefnum í skýrslunni hér á eftir. Sveitarfélagið brást einnig við nýjum áskorunum sem fylgdu auknu og vaxandi atvinnuleysi íbúa og þeim fjölþættu áhrifum sem heimsfaraldurinn hafði. Áhersla var lögð á að styðja sérstaklega við börnina í anda stefnu sveitarfélagsins og tryggja að ekkert barn yrði vegna fjárhagsþrenginga foreldra undanskilið þegar kæmi að skolamáltíðum barna í haust. Félagsmálaráðuneytið lagði svo til

sérstaka íþrótt-a og tómstundastyrki til að mæta tekjulágum heimilum þannig að öll börn á grunnskólaaldri gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir og hefur velferðarsvið haft milligöngu um greiðslu þessara styrkja.

Á grunni stuðnings ríkisins við sveitarfélögin á Suðurnesjum og þeirra 17 mótvægisaðgerða sem ákveðið var að fara í og fram koma í aðgerðaráætlun verkefnisins er m.a. búið að koma á fót í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins þverfaglegu landshlutateymi til að efla samstarf, þekkingu og þjónustu í málefnum fatlaðra barna á Suðurnesjum og unnið að samfélagsrannsóknum á Suðurnesjum. Samstarf ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að opinberri þjónustu heldur svo áfram inn á nýtt ár í verkefnum eins og Sterkari framlínu í krafti fjölbreytileikans sem er þegar hafið, Kjarnahópi til virkni og vellíðurnar sem er í undirbúningi og aukinni áhersla á starfræna þjónustu sveitarfélaga. Ekki er hægt að ljúka þessari yfirferð án þess að gera grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram á árinu 2020 við að skoða og greina innra og ytra starfsumhverfi velferðarssvið í ljósi langvarandi álags á starfsmenn sviðsins, ónógra úrræða til að mæta þörfum íbúa og breytinga á lagaumhverfi í velferðarþjónustu. Unnið hefur verið að tillögum til úrbóta og vinna við úrbætur heldur áfram á vormánuðum samhliða því að velferðarsvið býr sig undir þær kerfisbreytingar sem eru fyrirhugaðar í þjónustu við börn og barnafjölskyldur og í barnavernd með þeim frumvörpum sem félagsmálaráðuneytið er að vinna að og fram kemur í frumvarpi um farsældarþjónustu fyrir börn. Eins og áður þá byggir starfsemi velferðarsviðs og þjónusta við bæjarbúa á mannauðnum sem sviðið hefur á að skipa hverju sinni, úrræðum, skapandi starfsumhverfi og góðu samstarfi milli deilda/stofnana og kerfa sem þarf að hlúa að og styrkja.

Í köflunum hér á eftir er að finna nánari upplýsingar um verkefni hverrar deildar á velferðarsviðið Reykjanesbæjar á árinu 2020.

## Efnisyfirlit

Nefndir og ráð.....	8
Sundurliðun útgjalfa.....	9
Barnavernd.....	10
Barnaverndartilkynningar .....	11
Tilkynnendur.....	11
Helstu ástæður barnaverndartilkynninga.....	12
Barnaverndarmál .....	12
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar.....	13
Fósturmál .....	14
Umsagnarmál.....	14
Stuðningsúrræði barnaverndar.....	14
Verkefni innan barnaverndar .....	15
Ábyrg Saman .....	15
Álagsmæling starfsmanna barnaverndar.....	16
Vinnum saman .....	16
Viðvera starfsmanna barnaverndar í grunnskólum Reykjanesbæjar.....	17
Bakvaktir .....	17
Fjölskyldupjónusta .....	18
Félagsleg ráðgjöf .....	19
Fjárhagsaðstoð .....	19
Birtan – Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf .....	20
Akstursþjónusta.....	21
Sértæk þjónusta fyrir fatlað fólk .....	22
Þjónandi leiðsögn.....	22

Búsetuúrræði .....	22
Stuðningsfjölskyldur .....	22
Félagsleg liðveisla .....	23
Skammtímavistun .....	23
Ævintýrasmiðjan .....	24
Skjólið .....	24
Hæfingarstöð .....	24
Björgin .....	25
Húsnaðisstuðningur.....	27
Félagslegar leiguíbúðir.....	27
Sérstakur húsnaðisstuðningur.....	28
Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd .....	28
Umhverfi verkefnisins.....	28
Árið 2020 .....	29
Stuðnings- og öldrunarþjónusta.....	31
Þjónustumiðstöð – Nesvellir.....	31
Félagsstarf.....	32
Fjölþaett heilsuefling – Leið að farsælli öldrun.....	32
Dagdvöl aldraða .....	32
Stuðningsþjónusta.....	33
Samþaett heimaþjónusta.....	34
Heimsendur matur.....	34
Undirritun samnings um nýtt hjúkrunarheimili.....	35
Ný verkefni .....	36
Fjölmennung .....	36
Samfélagsgreining.....	37
Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans.....	39

Skapandi sumarstarf á Ásbrú.....	40
Allir með .....	40
Pólsk menningarhátið.....	42
Lýðheilsa.....	42
Lýðheilsustefna .....	43
Heilsueflandi samfélög á Suðurnesjum.....	44
Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar .....	44
Lýðheilsusjóður Embætti landlæknis .....	44
Bleikur október .....	45
Mottumars.....	45
Krabbameinsfélag Íslands – ráðgjafabjónusta.....	46
Skessumílan.....	46
Kynningarmyndbönd .....	46
Heilsu- og forvarnarvika .....	46
Framfaravogin .....	47
Plastlaus september .....	47
Barnvænt sveitarfélag .....	48
Innleiðingarferlið .....	48
Kortlagning.....	49
Gátlistar UNICEF.....	49
Viðhorfskannanir meðal barna og starfsmanna.....	49
Mælaborð – yfirsýn yfir velferð og stöðu barna.....	50
Hvað segja yngri börnin?.....	51
Lokaorð.....	51

## Nefndir og ráð

### Barnaverndarnefnd

Halldór Rósmundur Guðjónsson formaður(Y)  
Davíð Brár Unnarsson(M)  
Díana Hilmarsdóttir(B)  
Sigurrós Antonsdóttir(S)  
Þuríður Berglind Ægisdóttir

**Barnaverndarnefnd fundaði 11 sinnum á árinu**

### Varamenn

Anna Steinunn Jónasdóttir(D)  
Valur Ármann Gunnarsson(S)  
Margrét Þórarinsdóttir(M)  
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)  
Kolbrún Jóna Pétursdóttir(Y)

### Velferðarráð

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður(B)  
Guðný Birna Guðmundsdóttir(S)  
Hrafn Ásgeirsson(Y)  
Jasmina Vajzovic Crnac(Á)  
Jónína Sigríður Birgisdóttir(D)

**Velferðarráð fundaði 11 sinnum á árinu**

### Varamenn

Andrea Ásgrímsdóttir(B)  
Anna Steinunn Jónasdóttir(D)  
Elfa Hrund Guttormsdóttir(S)  
Lovísa N. Hafsteinsdóttir(Y)  
Rósá Björk Ágústsdóttir(Á)

### Áfrýjunarnefnd velferðarráðs

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)  
Jasmina Crnac(Á)

**Áfrýjunarnefnd velferðarráðs fundaði 23 sinnum á árinu**

### Lýðheilsuráð

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður(B)  
Anna Sigríður Jóhannesdóttir(D)  
Guðrún Pálsdóttir(Á)  
Guðrún Ösp Theodórsdóttir (S)  
Kristín Gyða Njálsdóttir(Y)

**Lýðheilsuráð fundaði 11 sinnum á árinu**

### Varamenn

Þráinn Guðbjörnsson(B)  
Guðný Birna Guðmundsdóttir(S)  
Hrafn Ásgeirsson(Y)  
Baldur Rafn Sigurðsson(Á)  
Birgitta Rún Birgisdóttir(D)

### Öldungaráð

Þórdís Elín Kristinsdóttir formaður (S)  
Díana Hilmarsdóttir (B)  
Rúnar V. Arnarson (D)  
Ejþólfur Eysteinsson (félag eldri borgara)  
Hrafnhildur Gunnarsdóttir (félag eldri borgara)  
Loftur H. Jónsson (félag eldri borgara)  
Margrét Blöndal(HSS)

### Varamenn

Guðrún Ösp Theodórsdóttir(S)  
Jasmina Vajzovic Crnac(Á)  
Tinna Kristjánsdóttir (B)  
Vigdís Elísdóttir (HSS)

**Öldungaráð fundaði 4 sinnum á árinu**

## Sundurliðun útgjalda

Þann 31. desember 2020 voru íbúar í Reykjanesbæ 19.683. Útgjöld til Velferðarsviðs námu kr. 2.173.771.679. sem svarar til kr. 110.439 á hvern íbúa sveitarfélagsins.

FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSPJÓNUSTAN	Rauntölur	2.173.771.679
SKRIFSTOFA FFR		82.904.736
NEFNDIR		17.130.110
FÉLAGSMÁLARÁÐ		7.826.000
BARNAVERNDARNEFND		4.333.236
LÝÐHEILSURÁÐ		3.660.134
ÖLDUNGARRÁÐ REYKJANESBÆJAR		1.310.740
BARNAVERND		99.848.196
VISTUN - FÓSTUR		76.328.456
TILSJÓN		12.473.634
BAKLAND		-1.839.091
FJÁRHAGSAÐSTOÐ		195.111.338
HÚSALEIGUBÆTUR		38.427.654
HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR		4.833.070
ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA		263.729.672
NESVELLIR - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ		86.927.736
DAGDVÖL ALDRAÐRA		4.804.119
MÖTUNEYTI ALDRAÐRA		5.251.938
FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA		13.931.689
JANUSARVERKEFNIÐ		24.038.853
HEIMAPJÓNUSTA		128.775.337
ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐA		1.366.590.025
FERLIMÁL FATLAÐRA - FERÐAPJÓNUSTA		54.925.848
SAMEIGINLEGIR LIÐIR - MÁLEFNI FATLAÐRA		33.729.592
ATHVARF GEÐFATLAÐRA - BJÖRGIN		26.321.807
ASPARDALUR		115.924.375
EINIDALUR		138.109.431
ÞJÓN- OG LIÐVEISLUSAMNINGAR		449.915.472
LIÐVEISLA		45.415.040
ÞJÓNUSTUKJARNI SUÐURGATA		158.510.340
LYNGMÓI		74.394.977
SELJUDALUR-ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR		134.224.615
SUMARDAGVIST - ÖSPIN		7.615.163
HÆFINGASTÖÐ - KEILISBRAUT 775		67.773.869
SKAMMTÍMAVISTUN		59.729.496
VERKTÖKUPJÓNUSTA		-25.885.951
FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR		9.412.241
FJÖLMENNING		15.913.541
LÝÐHEILSA		12.630.273
BARNVÆNT SVEITARFÉLAG		1.866.292
ORLOFSSJÓÐUR HÚSMÆÐRA		2.249.146
STYRKIR		2.048.337

Velferðarsvið var rekið innan þess fjárhagsramma sem því var veittur fyrir árið 2020 samtals kr: 2.192.041.381 og var rekstrarafgangur í árslok kr: 18.269.702 Nýtingin 99%.

## Barnavernd



Forstöðumaður: María Gunnarsdóttir

Félagsráðgjafar:

Jóhanna María Ævarsdóttir

Sandra Jónsdóttir

Ráðgjafar:

Kolbrún N. Þorgilsdóttir

Henný Úlfarsdóttir

Þórður Óldal Sigurjónsson

Stella Steingrímsdóttir

Katrín Pétursdóttir

Linda Sif Leifsdóttir

Sálfraeðingur:

Elín Guðmundsdóttir

Á árinu voru 7 stöðugildi í barnavernd, fjölgað var um einn starfsmann í barnaverndarteymið þar sem sálfraeðingur velferðarsviðs var færður yfir í teymið. Á árinu létu þrír starfsmenn af störfum og ráðnir voru þrír starfsmenn í fastráðningu og einn starfsmaður í tímabundið starf.

Barnavernd Reykjanesbæjar leggur áherslu á að veita barnvæna þjónustu og að unnið sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í því fellst meðal annars að aðstoða börn við að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska, stuðla að því að börn alist upp í friði, öryggi og við góðar uppledisaðstæður og njóti verndar gegn ofbeldi og/eða vanrækslu. Barnavernd Reykjanesbæjar veitir börnum og foreldrum þeirra stuðning í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni ásamt því að vinna þverfaglega innan og milli sviði Reykjanesbæjar svo þjónustan við börn og foreldra verði sem best.

## Barnaverndartilkynningar



Mynd 1. Barnaverndartilkynningar

Árið 2020 fjölgaði barnaverndartilkynningum úr 674 á árinu 2019 í 709. Fjöldi barna sem tilkynnt var um var svipaður milli ára, árið 2019 var tilkynnt um 382 börn en árið 2020 voru 381 barn. Árið 2020 var heildarfjöldi stúlkna sem tilkynnt var um 180 og 201 drengir. Auk þess bárust 8 tilkynningar vegna þriggja þungaðra kvenna sem er töluverð fjölgun frá árinu 2019 en þá bárust 3 tilkynningar. Ákveðið var að hefja könnun máls hjá einni stúlku á grundvelli annarra upplýsinga en tilkynninga. Heildarfjöldi barna og þungaðra kvenna, þar sem ákveðið var að hefja könnun máls fjölgaði töluvert milli ára, úr 290 árið 2019 í 337 árið 2020. Einnig var fjölgun nýrra mála sem voru könnuð á árinu, úr 226 árið 2019 í 260 í ár. Heildarfjöldi barna og þungaðra kvenna þar sem ákveðið var að hefja ekki könnun vegna tilkynninga fækkaði á árinu úr 98 árið 2019 í 52 í ár og fækkaði tilkynningum frá lögreglu milli ára úr 67 á árinu 2019 í 34 í ár.

## Tilkynnendur


Á árinu bárust 709 tilkynningar frá mismunandi aðilum. Töluverð fjölgun tilkynninga var frá foreldrum, ættingjum og nágrönum, en fækkun tilkynninga frá lögreglu og skóla.

Tafla 1. Tilkynnendur

Tilkynnendur	2016	2017	2018	2019	2020
Barnið	2	11	3	5	0
Foreldrar	54	58	53	41	77
Ættingjar	25	62	36	31	85
Nágrannar	10	17	19	26	35
Önnur bv.nefnd	5	11	0	6	7
Félagsþjónusta	12	11	7	6	3
Skóli	34	46	54	96	81
Leikskóli	10	13	9	5	7
Heilsugæsla/Sjúkrahús	44	50	46	82	83
Lögregla	260	200	171	280	232
Aðrir	80	119	80	96	99
	<b>536</b>	<b>598</b>	<b>478</b>	<b>674</b>	<b>709</b>

## Helstu ástæður barnaverndartilkynninga

Helstu ástæður barnaverndartilkynninga á árinu 2020 er vanræksla varðandi umsjón og eftirlit og tilfinningaleg vanræksla gagnvart börnum, tilfinningalegt ofbeldi gegn börnum og áhættuhegðun er varðar afbrot barna og að börn beiti ofbeldi.



Mynd 2. Ástæður barnaverndartilkynninga


Tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjöldaði lítillega á árinu 2020 en alls bárust 298 tilkynningar á móti 291 árið 2019. Tilkynningar vegna vanrækslu á umsjón og eftirliti voru 241 á árinu 2020 og þær af voru 166 tilkynningar vegna áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu foreldra sem er fjölgun á milli ára, úr 135 tilkynningar árið 2019. Fjölgun var á tilkynningum varðandi líkamlega vanrækslu úr 24 í 40 og tilfinningalega vanrækslu úr 69 í 75 á árinu 2020.

Tilkynningar vegna ofbeldis á árinu 2020 voru 191 sem er töluverð fjölgun á milli ára, árið 2019 voru þær 165. Tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis voru 134 á árinu 2020 og þær af voru 75 tilkynningar vegna heimilisofbeldis sem er fjölgun á milli ára, en árið 2019 voru þær 56. Tilkynningar vegna áhættuhugðunar barna á árinu 2020 voru 205 sem er fækkun á milli ára, árinu 2019 voru þær 215. Á árinu 2020 varð fjölgun tilkynninga vegna neysla barns á vímuefnum, fór úr 36 árið 2019 í 43 og tilkynningar vegna barna sem stefna eigin heilsu og þroska í hættu, fór úr 19 árið 2019 í 30 í ár. Fækkun var á tilkynningum er varðar erfiðleika barns í skóla/skólasókn áfátt, 2019 voru 34 tilkynningar en 22 árið 2020. Á árinu 2020 bárust 15 tilkynningar vegna gruns um að móðir stefni heilsu og lífi ófædds barns í hættu sem er töluvert fleiri en síðustu ár.

## Barnaverndarmál

Barnaverndarnefnd og starfsmenn hennar hafa velferð barna ávallt í fyrirrúmi og leggja áherslu á að veita þjónustu eftir þörfum barnanna og fjölskyldna þeirra í þeirra nærumhverfi. Starfsmenn barnaverndar telja mikilvægt að vinna málin í góðri samvinnu við foreldra og börn með því að leggja sig fram í að efla þátttöku barna að sínu eigin barnaverndarmáli í samræmi

við þroska þeirra og aldur. Starfsmenn leggja áherslu á þverfaglega teymisvinnu með því vera í góðu samstarfi við þær stofnanir sem koma að málefnum barnanna til að hægt sé að mæta betur þörfum fjölskyldunnar.



*Mynd 3. Fjöldi barnaverndarmála*

Árinu 2020 var töluberð fjölgun á heildarfjölda barnaverndarmála úr 374 á árinu 2019 í 422. Einnig var fjölgun á nýjum barnaverndarmálum á árinu 2020, úr 243 árið 2019 í 277.


Grípa þurfti til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. bvl. í málum fimm barna, í fjórum málum náðist ekki samkomulag við foreldra, en í einu máli samþykkti barn 15 og eldra ekki að fara á neyðarvistun á Stuðlum. Í málum sjö barna óskuðu starfsmenn barnaverndar eftir lögreglurannsókn á meintu refsiverðu broti gegn barni. Í lok árs 2020 var málum 209 barna/þungaðra kvenna lokið en mál 200 barna/þungaðra kvenna voru enn í vinnslu. Málum 13 barna var vísað til annarra barnaverndarnefnd.

## Barnaverndarnefnd Reykjaneshús

Starfsmenn barnaverndarnefndar fara með einstök barnaverndarmál eða málauflokka í umboði nefndarinnar eftir ákveðnum reglum sem barnaverndarnefnd setur. Þau mál sem skylt er að fari fyrir barnaverndarnefnd eru mál sem taka þarf afstöðu til hvort að úrskurða eigi um ákveðin úrræði skv. 26. gr. eða vistun utan heimilis skv. 27., 28. og 29. gr. barnaverndarlaga. Það sama er þegar taka þarf ákvörðun um hvort krefjast eigi brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanndur skv. 37. gr. barnaverndarlaga og þegar grípa þarf til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. sömu laga. Einnig geta starfsmenn barnaverndar alltaf ákveðið að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd. Alls voru mál 10 barna lögð fyrir barnaverndarnefnd á árinu 2020 þar af mál átta stúlkna og tveggja drengja. Barnaverndarnefnd Reykjaneshús úrskurðaði á árinu um vistun utan heimilis skv. 27. gr. bvl. nr. 80/2002 vegna fimm barna og 28. gr. vegna fjögurra barna. Á árinu fengu tíu fjölskyldur stuðningsfjölskylduleyfi á vegum barnaverndarnefndar.

## Fósturmál

Allir starfsmenn koma að fósturmálum en einn starfsmaður heldur utan um fósturmálin sem eru varanleg til 18 ára aldurs. Starfsmenn barnaverndar eru með reglulegt eftirlit með börnunum í fóstri með því að vera í samskiptum við fósturforeldra, börnin, foreldra þeirra og ættingja. Á árinu voru 17 börn heimsótt á fósturheimili. Starfsmenn eru einnig í samskiptum við stofnanir sem tengjast börnunum eins og skóla, leikskóla og BUGL. Starfsmenn halda líka utan um umgengni barna við foreldra sína á meðan þau eru í fóstri, en samkvæmt barnaverndarlögum þá eiga börn rétt á að umgangast foreldra sína á meðan þau eru í fóstri nema það sé bersýnilega andstætt hagsmunum og þörfum barns. Á árinu var gerður verktakasamningur við einstakling til að sinna umgengni undir eftirlit.



Mynd 4. Fjöldi fósturmála

Í lok ársins 2020 voru 25 börn í fóstri á vegum barnaverndarnefndar Reykjaneshús og nefndin úrskurðaði um umgengni vegna tveggja barna sem voru í fóstri á árinu 2020 þar sem ekki náðist samkomulag um umgengni.

## Umsagnarmál

Umsagnarbeiðnir berast frá sýslumönnum og Barnaverndarstofu og eru lagðar fyrir barnaverndarnefnd þegar starfsmenn barnaverndar hafa metið hæfni umsækjenda. Þrjár umsóknir bárust á árinu 2020 vegna einstaklinga sem vildu gerast fósturforeldrar og barnaverndarnefnd mat umsækjendur hæfa til að gerast fósturforeldrar í öllum málunum.

## Stuðningsúrræði barnaverndar

Barnavernd Reykjaneshús veitir stuðningsúrræði samkvæmt barnaverndarlögum ásamt því að reyna eftir bestu getu að aðlaga stuðningsúrræði að þörfum fjölskyldna hverju sinni. Starfsmenn barnaverndar telja mikilvægt að vinna í teymisvinnu, sérstaklega í þeim málum þar sem vandi fjölskyldna og/eða barns er fjölbættur. Með þessu móti er betur hægt að kortleggja vandann og nýta stuðningsúrræði frá mismunandi sviðum innan Reykjaneshús og stofnunum.

**Persónulegur ráðgjafi** veitir barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega, siðferðislega og tilfinningalega. Að jafnaði eru veittir 8 tímar á mánuði.

Árið 2020 fengu þrjú börn persónulegan ráðgjafa og í lok árs var eitt barn á bið eftir persónulegum ráðgjafa.

**Stuðningsfjölskyldur** er úrræði þar sem börn fara alla jafna í eina helgi í mánuði. Á árinu voru 11 stuðningsfjölskyldur starfandi fyrir barnavernd Reykjanesbæjar og 12 börn fóru til stuðningsfjölskyldu.

**Sálfræðiviðtöl fyrir börn** - Innan barnaverndar hefur verið mikil þörf á sálfræðiviðtölum fyrir börn. Á árinu voru samþykkt sálfræðiviðtöl fyrir 49 börn á vegum barnaverndar og 8 fósturbörn, 28 af þeim fóru í viðtöl til sálfræðings barnaverndar en öðrum var vísað á einkastofu.

**Trappan** – Tröppuviðtöl eru fyrir börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Börn sem búa við heimilisofbeldi þróa oft með sér ákveðin einkenni eins og depurð, lágt sjálfsmat, verkkvíða, skerta félagsfærni, samskiptavanda og margvíslegan tilfinninga- og hegðunarvanda. Það er því mikilvægt að mæta þeim börnum sem búa við heimilisofbeldi og veita þeim viðeigandi meðferð svo þau geti unnið úr reynslu sinni. Eitt barn fór í Tröppuviðtöl á árinu 2020.

## Verkefni innan barnaverndar

### Ábyrg Saman


Forvarnarverkefnið Ábyrg saman hófst 1. september 2019 en um var að ræða eins árs samstarfssamningur á milli Velferðarsviðs Reykjanesbæjar og Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögð er áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að mæta áhættuhegðun hjá börnum. Barnavernd býður foreldrum og börnum upp á ábyrgt samtal með forvarnarfulltrúa frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum í þeim málum sem barnavernd ákveður að hefja ekki könnun máls. Markmið með viðtalini er að gera foreldrum og börnum grein fyrir barnaverndartilkynningunni frá lögreglu, veita foreldrum og barni tækifæri til að eiga samtal um tilkynninguna, veita fræðslu og upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða og draga úr áhættuhegðun hjá barni. Á tilraunatímabilini var heildarfjöldi barna 43 í Ábyrg saman og 14 foreldrar þáðu viðtal. Þeir foreldrar/ barn sem komu í viðtal fannst gott að fara yfir tilkynninguna, fara yfir stöðuna og fá fræðslu. Einnig að fara yfir hvaða afleiðingar gætu orðið ef barnið héldi áfram að stunda áhættuhegðun. Velferðarsvið og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákváðu í framhaldi af tilraunaverkefninu að festa verklagið í sessi og bjóða áfram foreldrum/börnum upp á ábyrgt samtal. Á mynd 5 má sjá skiptingu á áhættuhegðun barna sem fóru í Ábyrg saman á tilraunatímabilinu en flest börn stunduðu afbrot.



Mynd 5. Fjöldi mála í Ábyrg saman sept 2019-sept 2020

### Álagsmæling starfsmanna barnaverndar

Á árinu 2020 hefur verið framkvæmd álagsmæling hjá starfsmönnum barnaverndar á þriggja mánaða fresti með því að nota mælitæki frá Barnaverndarstofu. Þetta verklag gefur góða mynd af vinnuá lagi starfsmanna og yfirsýn yfir þau verkefni sem starfsmaðurinn er að vinna að hverju sinni. Við mælingu er mældur fjöldi mála, hvar þau eru stödd í verkferlinu og gefin ákveðin stig út frá því. Álagsmælingin gefur góða yfirsýn yfir málastöðu og einnig er hægt að nota hana til að jafna stöðu verkefna á milli starfsmanna verði því við komið. Viðmiðunarstig taka mið af starfstíma/reynslu starfsmanns í barnavernd og eru því mismunandi milli starfsmanna. Starfsmenn mældust töluvert yfir þeim viðmunarmörkum, sem Barnaverndarstofa gefur út og undirstrikar þörfina á fjölgun stöðugilda í barnavernd.



Mynd 6. Álagsmæling starfsmanna barnaverndar 2020

### Vinnum saman

Vinnum saman var samstarfsverkefni Velferðarsviðs, Fræðslusviðs og Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Verkefnið fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Vinnum saman var summarúrræði fyrir ungmanni í Reykjanesbæ sem tilheyra viðkvæmum hópi. Markmið úrræðisins var að styðja við ungmanni á aldrinum 15-16 ára og hvetja þau til virkni, að stunda atvinnu og heilbrigrt lífneri. Þátttakendur í Vinnum saman voru unglingar sem annars hefðu ef til vill verið í lítilli virkni yfir sumarmánuðina. Rannsóknir hafa sýnt að lítil virkni og dræm


þátttaka í skipulögðu starfi eru áhættubættir í lífi barns og því var myndaður stýrihópur hjá Reykjaneshbæ með því markmiði að draga úr þessum áhættubáttum. Verkefnið var unnið á tímabilinu 5. júní til 15. ágúst 2020 og ungmennin gátu valið um þátttöku í verkefninu frá 8. júní til 31. júlí en alls máttu þau verja 150 klst. í verkefnið og fengu laun skv. launataxta Vinnuskóla Reykjaneshbæjar. Þátttakendur í Vinnum saman fengu einstaklingsmiðaða dagskrá, stuðning til virkni og atvinnuþáttöku ásamt heilsueflingu samhliða starfi í Vinnuskólanum. Ungmennin sem tóku þátt í verkefninu voru 15, 9 stelpur og 6 strákar. Þátttakendum var skipt í þrjá hópa, two stúlknahópa og einn drengjahóp. Þrír leiðbeinendur voru ráðnir til þess að leiða hópana, tvær konur og einn maður.

### **Viðvera starfsmanna barnaverndar í grunnskólum Reykjaneshbæjar**

Skólaárið 2020/2021 fóru barnavernd og grunnskólar Reykjaneshbæjar af stað með þróunarverkefni sem byggist á því að starfsmenn barnaverndar verði með viðveru í grunnskólum Reykjaneshbæjar í stað fundarsetu á nemendaverndarráði skólanna. Markmið er meðal annars að efla samstarf og stytta boðleiðir milli starfsfólks barnaverndar og skólans. Að efla samráð um einstök mál og veita ráðgjöf við gerð tilkynninga til barnaverndar. Að auka sýnileika barnaverndarstarfsfólks í skólanum og að ræða við börn, sem eru í vinnslu hjá barnavernd, á skólatíma.

### **Bakvaktir**

Starfsmenn eru á bakvakt eina viku í einu á níu vikna fresti og sinna barnaverndar-, verndar- og heimilisofbeldismálum.



Mynd 7. Símtöl og útköll á bakvakt

Á árinu 2020 fjölgaði símtölum og útköllum ef miðað er við árið 2019. Á árinu 2020 voru 65 útköll vegna barnaverndar, 4 útköll vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og tvö útköll vegna félagsþjónustumála. Í heimilisofbeldismálum voru átta símtöl og þrjú útköll vegna heimilisofbeldismál þar sem barn var ekki skráð á heimili. Þar sem börn eru skráð á heimili þá

eru þau símtöl og útköll skráð í fjölda símtala og útkalla barnaverndar, en á árinu 2020 voru 19 útköll og 41 símtal vegna heimilisofbeldismála þar sem börn voru á heimili.

## Fjölskylduþjónusta



Forstöðumaður: Sigríður Daníelsdóttir

Félagsráðgjafar:

Bjarney Rós Guðmundsdóttir verkefnastjr.

Arndís Hálfánardóttir

Freydíð Aðalsteinsdóttir

Ingunn Björg Halldórsdóttir

Sæunn Hafdís Oddsdóttir

Inga Dóra Jónsdóttir

Ráðgjafar:

Laufey Bjarnadóttir

Kristín Helga Magnúsdóttir

Vilborg Pétursdóttir

Iðunn Ingólfssdóttir verkefnastjóri

Guðmundur Stefán Gunnarsson

Pórarinn Gunnarsson

Sandra Mjöll Aradóttir

Þjónustufulltrúi: Berglind Gísladóttir

Einn starfsmaður léti af störfum á árinu og annar starfsmaður var ráðinn í hans stað.

Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof í byrjun árs og koma aftur í lok árs. Einn starfsmaður var ráðinn tímabundið í afleysingar og einn starfsmaður ráðin tímabundinn til starfa í gegnum starfsátak Vinnumálastofnunar og Reykjanesbæjar.

Sérfræðingar fjölskylduþjónustu sinna fjölbættri félagslegrí ráðgjöf og stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur, ásamt því að taka á móti umsóknum og veita þjónustu í samræmi við þarfir hverju sinni. Umfang mála og eðli eru fjölbreytt og margvísleg. Má þar nefna fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, þjónustu við fatlað fólk, þjónustu við flóttamenn, þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, nauðungavistanir o.fl. Starfsmenn fjölskylduþjónustu hafa umsjón með og sjá um framkvæmd á þjónustu eins og liðveislu, stuðningsfjölskyldum, uppeldisráðgjöf og fl. Undir fjölskylduþjónustuna fellur sértæk þjónusta eins og starfssemi á

heimilum fatlaðs fólks þar sem veitt er sólarhrings þjónusta, Hæfingarstöðin og Björgin geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum. Forstöðumönnum þessara starfsstöðva er veittur stuðningur hvað varðar faglegt starf, starfsmannahald og launaumsýsla. Sérfræðingar fjölskyldubjónustunnar vinna í anda barnvænnar félagsþjónustu og gefa fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna sérstakan gaum í starfi sínu. Í því felst að gæta hagsmuna og velferðar barna svo þau geti notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða. Áhersla er lögð á að nýta sérþekkingu og reynslu starfsmanna á mismunandi þjónustubáttum eins vel og mögulegt er og mæta þannig ólíkum þörfum notenda betur.

## Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf, þar sem veittar eru upplýsingar, leiðsögn og ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna sem leita til velferðarsviðs Reykjanesbæjar er umfangsmikill liður í starfsemi fjölskyldubjónustunnar, auk þess að taka á móti og vinna úr umsóknum. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita notendum upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Starfsmenn fjölskyldubjónustunnar aðstoða jafnframt einstaklinga varðandi gerð grunnendurhæfingaráætlana og umsókna um endurhæfingu og virkniúrræði. Einstaklingar fara í endurhæfingu af ýmsum ástæðum svo sem vegna fíknivanda, annars heilsubrests eða vegna afleiðinga slysa. Einstaklingar og fjölskyldur eiga kost á að koma í viðtöl til starfsmanna fjölskyldubjónustunnar í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, en einnig fer ráðgjöf fram í gegnum síma, á heimilum fólks og á teymisfundum. Starfsmenn sitja reglulega samráðsfundi með VIRK – starfsendurhæfingarsjóði, Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjunni og fleiri aðilum allt eftir eðli mála. Mikilvægt er að hafa heildasýn yfir aðstæður einstaklinga og fjölskyldna til að geta metið og veitt þjónustu í samræmi við þarfir.

## Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar setur. Samkvæmt gildandi reglum eiga þeir einir rétt á fjárhagsaðstoð sem eru með lögheimili í Reykjanesbæ og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum.

Tafla 2. Þróun fjárhagsaðstoðar 2014-2020

Ár	Fjöldi íbúa 18 ára+ (1.jan)	Heildarfjöldi einstaklinga pr. ár	Hlutfall fjárhagsaðstoð %
2016	11340	250	2,2


2017	12311	201	1,63
2018	13584	200	1,47
2019	14606	227	1,54
2020	15053	298	1,98

Á töflu 2 má sjá þróun á fjölda íbúa 18 ára og eldri í Reykjanesbæ, fjölda einstaklinga/fjölskyldna sem fengu greiddan framfærslustyrk hjá Reykjansebæ og samanburð á hlutfalli íbúa, 18 ára á eldri, sem fengu framfærslustyrk síðastliðin ár. Hlutfall íbúa á fjárhagsaðstoð hækkaði á milli ára 2019 og 2020 um tæp 0.5% á sama tíma og atvinnuleysi í Reykjanesbæ eykst um 14%, fer úr 9% í árslok 2019 í rúm 23% í árslok 2020. Fjölgun hefur orðið á umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem klára bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun og vinnufærum einstaklingum á fjárhagsaðstoð hefur fjölgað frá því sem áður var því atvinnutækifæri í sveitarféluginu eru færri. Fyrstu fjóra mánuði ársins var enginn af umsækjendum sem hafði lokið bótarétti en þeim fór fjölgandi eftir því sem leið á árið. Fjárhagsaðstoð á árinu 2020 gat numið allt að kr. 152.717 á mánuði til einstaklinga og einstæðra foreldra og kr. 244.347 til hjóna eða sambúðarfólks. Á árinu 2020 voru 298 einstaklingar/fjölskyldur sem fengu fjárhagsaðstoð í formi framfærslustyrks sem eru fleiri en á árinu 2019. Einstaklingum og fjölskyldum hefur því fjölgað sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sér til framfærslu. Fjárhagsaðstoð er óháð barnafjölda þar sem tekjur vegna barna þ.e. meðlög, barnalífeyrir, mæðra/feðralaun og barnabótum er ætlað að mæta kostnaði vegna þeirra. Hins vegar er heimild í reglum til að veita tekjulágum foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð vegna barna á þeirra framfæri. Á árinu 2020 var aðstoð með hverju barni til tekjulágra foreldra kr. 17.782 eða sem samsvarar hálfu meðlagi. Fjöldi barnafjölskyldna sem þurftu að reiða sig á fjárhagsaðstoð allt árið eða hluta árs 2020 voru 81 og þeim tilheyrðu 167 börn.

## Birtan – Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

Birtan er úrræði fyrir barnavernd og fjölskylduþjónustuna sem stofnað var í maí 2019. Úrræðið kemur inn fyrir tilsjón þar sem markmiðið er að aðstoða foreldra og styrkja þá við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum sem best eins og lög gera ráð fyrir. Í Birtunni er boðið upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf þar sem þjónustan er aðlöguð að hverri fjölskyldu fyrir sig og er metið með foreldrum hvort þjónustan fari fram inn á heimili fjölskyldunnar eða á skrifstofu. Notast er við gagnreyndar uppeldisaðferðir eins og PMTO og Skref fyrir skref. PMTO (Parent Management Training-Oregon) er ætlað foreldrum barna á leik- og grunnskóla aldri með

aðlögunar- og/eða hegðunarvanda. Skref fyrir skref, foreldrafærni er sérstakt úrræði til að vinna með seinfærum foreldrum barna á aldrinum 0-3 ára.



Mynd 8. Fjöldi fjölskyldna í uppeldislegri ráðgjöf á árinu 2020

Á árinu 2020 var unnið með 22 fjölskyldur í ráðgjöf og af þeim voru 15 ný mál. 16 fjölskyldur fengu uppreldislega ráðgjöf, 4 fjölskyldur fóru í PMTO, eins fjölskylda í Skref fyrri skref, og eitt ráðgjafarmál. Í lok árs voru 6 mál á bið.

## Akstursþjónusta

**Akstursþjónusta fatlaðs fólks** – Akstursþjónustan er ætluð fötluðu fólki sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur sveitarfélagsins. Sækja þarf sérstaklega um akstursþjónustu sem er samþykkt til ákveðins tíma í senn. Á árinu 2020 voru 73 notendur sem ferðuðust 11.329 ferðir en rétt er að benda á að heimsfaraldurinn hafði áhrif á notkun akstursþjónustu sökum samkomutakmarkanna.

**Akstursþjónusta fatlaðra barna (skólaakstur)** - Grunnskólabörn með fötlun fá í sérstökum tilvikum akstur til og frá skóla. Á árinu 2020 voru notendur 56 og voru farnar 11.783 ferðir.

**Akstursþjónusta aldraðra** - Aldraðir einstaklingar geta einnig sótt um akstursþjónustu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en sú þjónusta er ekki lögbundin. Á árinu 2020 voru 4 notendur sem nýttu samtals 59 ferðir.



Mynd 9. Fjöldi ferða með ferðaþjónustu fatlaðs fólks

## Sértæk þjónusta fyrir fatlað fólk

### Þjónandi leiðsögn


Í lok árs var tekin ákvörðun um að innleiða verklag innan búsetukjarnanna og hæfingarstöðvarinnar sem byggist á hugmyndafræði John McGee sem hefur fengið íslenska heitið „þjónandi leiðsögn“ (e.gentle teaching). Gerður var samningur við Starfsmennt að sjá um fræðslu til starfsmanna og styrkur fenginn frá BHM til að koma til móts við kostnað vegna starfsmanna sem eru aðilar hjá BHM, auk þess sem önnur stéttarfélög styrktu sína félagsmenn. Starfsmennt sá um kostnað starfsmanna sem tilheyra BSRB og útvegaði námskeiðshaldara. Reykjaneshús sá um húsnæði til námskeiðahaldsins og hliðraði til fyrir starfsmenn til að gera þeim kleift að sækja námskeiðin en starfsstöðvar sáu um veitingar. COVID-19 hafði áhrif á framkvæmd námskeiðanna en alls voru haldin 7 námskeið á árinu í tengslum við þjónandi leiðsögn. Af þeim voru 3 námskeið haldin fyrir svokallaða „mentora“ sem fengu það hlutverk að vera leiðandi í verkefninu, aðrir starfsmenn sóttu því 4 námskeið. Innleiðingaferlið hefst því árið 2021 þar sem verklagi verður breytt í anda þjónandi leiðsagnar.

### Búsetuúrræði

Á árinu 2020 voru starfrækt 5 sértæk búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Reykjaneshús þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Starfssemi eins heimilis var hætt seinni hluta ársins 2020 og þar með lagt af síðasta herbergjasambýlið í þessum málaflokki. Í sértækum búsetuúrræðum búa alls 22 einstaklingar, 11 konur og 11 karlar. Á árinu voru 66 starfsmenn í búsetuþjónustu í um 51,15 stöðugildum auk starfsmanna í tímavinnu. Forstöðumenn búsetukjarnanna 2020; Porkatla Sigurðardóttir, Ólafur Garðar Rósinkarsson, Kristín Ósk Bergsdóttir, Sæunn Guðrún Guðjónsdóttir og Júlíus Guðrún Björnsdóttir.

### Stuðningsfjölskyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma. Tilgangurinn er að léttu á lagi af fjölskyldu barnsins og veita því tilbreytingu. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið í umsjón sinni að jafnaði two sólarhringa í mánuði sem er samningsbundið til ákveðins tíma. Á árinu 2020 voru í gildi 52 samningar og nýttir sólarhringar voru 700.



Mynd 10. Stuðningsfjölskyldur, nýir sólarhringar árin 2016-2020

## Félagsleg liðveisla


Fólk á aldrinum 6 til 66 ára, sem glímir við fötlun eða aðrar raskanir, getur átt kost á félagslegri liðveislu. Markmiðið er að veita persónulegan stuðning og aðstoð ásamt því að stuðla að aukinni félagsfærni og rjúfa félagslega einangrun. Samkvæmt reglum getur einstaklingur fengið allt að 12 klst. á mánuði í liðveislu. Á árinu 2020 fengu 91 einstaklingur þjónustu 6.172 klst.



Mynd 11. Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu árin 2016-2020

## Skammtímavistun

Fötluð börn og ungmenni eiga kost á skammtímadvöl utan heimilis með það að markmiði að létta á lagi af fjölskyldum og veita þeim sjálfum tilbreytingu. Algengast er að lengd dvalartíma sé tveir til fjórir sólarhringar í mánuði en dvalartími er þó breytilegur eftir fötlun og aðstæðum hverju sinni. Skammtímavistun fyrir Suðurnesin er staðsett í Garði og undir stjórn félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Voga. Á árinu 2020 voru 31 einstaklingar í Reykjanesbæ í skammtímavistun, 5 stúlkur og 26 drengir. Nýttir sólarhringar voru 577, en þess ber að geta að vegna heimsfaraldurs Covid – 19 var í tvígang lokað í skammtímavistuninni samtals í 3 mánuði og er það ástæða þess að ekki voru fleiri sólarhringar nýttir.



Mynd 12. Fjöldi einstaklinga úr Reykjanesbæ í samtímaistun 2016-2020

## Ævintýrasmiðjan

Ævintýrasmiðjan er sumarstarf fyrir ungt fólk á grunn- og framhaldsskólaaldri með fjölbreyttar stuðningsþarfir í daglegu lífi og byggir á grunni gömlu „Asparinnar“ sem var sumarúrræði fyrir börn með sérþarfir. Ævintýrasmiðjan var samstarfsverkefni velferðar- og fræðslusviðs Reykjanesbæjar sumarið 2020. Ævintýrasmiðjan var útvíkkað verkefni með tilkomu styrks félagsmálaráðuneytisins og átaksverkefnis í sumarstörfum sveitarfélagsins til að mæta betur fjölbreyttum þörfum og stærri hóp en undanfarin ár. Alls voru 53 börn skráð í Ævintýrasmiðjuna sem er veruleg fjölgun frá fyrra ári og var starfsstöðvum fjölgað í 3 og þátttökuhóparnir fjórir. Tveir hópar voru í 88 húsinu, þ.e. aldurshópurinn 8 – 10 bekkur sem var í samþættri starfsemi Vinnuskólans og Skjólsins og svo 6.-7. bekkur. Ævintýrasmiðja fyrir yngri aldurshópinn, þ.e. 1.-5. bekk var skipt upp í two hópa sem voru til húsa í Eikinni (Holtaskóla) og Björkinni (Njarðvíkursskóla). Ævintýrasmiðjan fór vel af stað og gekk sumarið vel fyrir sig. Starfsmenn lögðu sig fram við að skipuleggja fjölbreytta dagskrá og skemmtilegar ferðir fyrir þátttakendur. Börnin og foreldrar þeirra lýstu yfir ánægju með úrræði.

## Skjólið

Skjólið er eftirskólaúrræði og fjölskylduþjónustan í samstarfi við fræðslusvið kemur að starfrækslu eftirskólaúrræðis fyrir börn með þroskafrávik sem þurfa á stuðningi að halda að skóladegi loknum. Skjólið er staðsett í 88 húsinu. Á árinu 2020 nýttu alls 16 börn og ungmenni úrræðið, allt drengir.


## Hæfingarstöð

Hæfingarstöðin Reykjanesbæ veitir hæfingartengda dagþjónustu fyrir fatlað fólk á Suðurnesjum og stuðlar að því að auka hæfni þjónustunotenda til starfa og þátttöku í daglegu

lífi til jafns við aðra samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Hæfingarstöðin býður upp á þjónustu sem tekur mið af þörfum þjónustunotenda með áherslu á að efla sjálfstæði og að styrkja atvinnutengda og félagslega færni. Vegna Covid-19 var þjónustan aðlöguð að breyttum aðstæðum með tilliti til sóttvarnaraðgerða og notkun á viðeigandi hlífðarbúnaði nauðsynleg þegar ekki var hægt að halda hæfilegri fjarlægð. Sex þjónustunotendur þáðu þjónustu á heimili sínu frá starfsfólki Hæfingarstöðvarinnar á árinu. Yfir sumarið var starfið á Hæfingarstöðinni með nær hefðbundnum hætti, þó giltu enn reglur um hæfilega fjarlægð og notkun hlífðarbúnaðar. Sumarið var að hluta til notað í að rækta ýmsar plöntur í nýju gróðurhúsi Hæfingarstöðvarinnar. Í lok sumars skipulögðu starfsfólk óvænta sumarhátíð fyrir þjónustunotendur þar sem skemmtikrafturinn Páll Óskar steig á svið. Hljómahöllin lagði til búnað og fyrirtæki á Suðurnesjum lögðu til fjárvirk fyrir skemmtikraftinum. Í októbermánuði var Hæfingarstöðinni skipt upp í tvær starfseiningar til að hægt væri að veita hámarksþjónustu miðað við gildandi samkomutakmarkanir. Til að hægt væri að framkvæma skiptinguna fékk Hæfingarstöðin lánað húsnæði hjá Stapaskóla en flutti síðan starfsemina yfir í húsnæði á vegum Háaleitisskóla í nóvember þegar samkomutakmarkanir voru enn hertar. Í lok árs 2020 voru 34 þjónustunotendur á Hæfingarstöðinni, 16 karlmenn og 18 konur. Þjónustustundir drögust saman um 29% á árinu miðað við árið 2019. Starfsfólk Hæfingarstöðvarinnar voru 11 í 8,8 stöðugildum, 5 karlmenn og 6 konur. Forstöðuþroskaþjálfi er Jón Kristinn Pétursson og deildastjóri er Marsibil Anna Jóhannsdóttir.

## Björgin


Björgin, geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum, hóf starfsemi sína þann 4. febrúar 2005 og er endurhæfingarárræði og athvarf fyrir fólk sem glímir við geðheilsuvanda. Einnig er boðið uppá ráðgjöf, eftirfylgd, fyrirlestra og námskeið. Fjöldi þeirra sem leitar ráðgafar og sækir þjónustu í Björgina er mikill. Starfsemin miðar að því að hjálpa einstaklingum til sjálfshjálpar. Hlutfall karla og kvenna sem nýta sér Björgina er nokkuð jafnt, konur hafa verið örlítið fleiri undanfarin ár eða 52% konur á móti 48% körlum. Árið 2019 var hlutfallið jafnt milli kynjanna, 50% konur og 50% karlar. Árið 2020 var fordæmalaust ár og þurfti að aðlaga þjónustuna eftir þeim takmörkunum og hömlum sem settar voru af Landlæknisembættinu og heilbrigðisráðherra sökum COVID-19. Hafði það óneitanlega áhrif á þá þjónustu sem Björgin veitir notendum.



Mynd 13. Fjöldi heimsókna árin 2019-2020

Hér má sjá samanburð á heimsóknum í Björgina árin 2019 og 2020 ásamt fjölda heimsókna á mánuði. Fjöldi heimsókna á árinu 2019 var 7.633 og á árinu 2020 voru þær 4.049. Þessi munur á fjölda heimsókna á milli 2019 og 2020 skýrist á takmörkun á opnun og tímabundnum lokunum í Björginni vegna Covid-19. Talið er á þann hátt að einstaklingar skrá sig í gestabók í hvert skipti sem þeir koma í Björgina, ef einstaklingur kemur mánudag til föstudags þá eru það fimm skipti þá vikuna. Einstaklingar eru misduglegir að skrifa sig í gestabókina og starfsmenn gera sitt besta að fylgja því eftir.

Fjöldi einstaklinga í endurhæfingu 2019 voru 34, 18 konur og 16 karlar. Árið 2020 voru í endurhæfingu 29, 11 konur og 18 karlar. Meðalaldur var 31 árs. Björgin var ekki fullmönnuð frá maí til des 2020. Einn ráðgjafa vantaði sem gerði það að verkum að ekki var unnt að taka fleiri í endurhæfingu. Einnig var tekin ákvörðun um að taka ekki inn nýja einstaklinga í endurhæfingu á meðan óvissa væri með Covid-19, takmarkanir á opnun og lokanir í Björginni.



Mynd 14. Fjöldi einstaklinga í endurhæfingu á árinu 2020

Það hafa verið töluberðar mannabreytingar í Björginni á árinu 2020 vegna veikinda og fæðingarorlofs starfsmanna. Starfsfólk Bjargarinnar eru fimm í 4,3 stöðugildurm.

Forstöðumaður Bjargarinnar er Díana Hilmarsdóttir.

## Húsnæðisstundingur

### Félagslegar leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir um að útvega sér húsnæði sjálfir og til að leysa úr bráðum húsnæðisvanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Félagslegar leiguíbúðir eru hugsaðar sem tímabundið úrræði fyrir einstaklinga í húsnæðiserfiðleikum. Úthlutunaráhópur velferðarsviðs metur umsóknir um félagslegar leiguíbúðir á afgreiðslufundi. Úthlutunaráhópurinn tekur ákvörðun um úthlutun í umboði velferðarráðs og úthlutun tekur mið af því húsnæði sem er í boði hverju sinni, þörfum umsækjanda, aldri umsækjanda og niðurstöðu mats hjá umsækjanda.



Mynd 15. Fjöldi félagslegra íbúða og fjöldi umsókna á biðlista

Í lok árs 2020 átti Reykjanesbær 237 félagslegar íbúðir. Þar af eru 173 almennar félagslegar íbúðir, 64 félagslegar leiguíbúðir aldraðra. Af félagslegum leiguíbúðum aldraðra eru 19 íbúðir með 15% hlutdeildareign og 20 með 30% hlutdeildareign leigjanda. Í lok árs 2020 voru 120 umsækjendur á biðlista eftir almennri félaglegri íbúð og 46 á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð aldraðra.




Mynd 16. Fjöldi umsókna og úthlutunar í félagslegar leiguíbúðir og íbúðir fyrir aldraða

Alls bárust 88 umsóknir um félagslegra leiguíbúðir og íbúðir fyrir aldraða árið 2020. Af þeim umsóknum eru 28 umsækjanda öryrkjar, 3 húsnæðislausir og 5 heimilislausir. 53 börn fylgdu þeim 88 umsóknum sem bárust árið 2020. Á árinu 2020 voru 21 félagsleg leiguíbúð til úthlutunar og þar af voru 13 leiguíbúðir fyrir aldraða.

## Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem eiga í erfiðleikum með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrgðar eða annarra félagslegra erfiðleika. Uppfylla þarf öll skilyrði almennra húsnæðisbóta og ekki er unnt að afgreiða umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning nema umsækjandi hafi sótt um almennar húsnæðisbætur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og fengið þær samþykktar.



Mynd 17. Fjöldi samþykktra umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning

## Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd


### Umhverfi verkefnisins

Velferðasvið Reykjanesbæjar þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd meðan mál þeirra eru til afgreiðslu hjá íslenskum stjórnvöldum skv. samningi við Útlendingastofnun upphaflega frá árinu 2004. Útlendingastofnun annast afgreiðslu umsókna um vernd á fyrsta stjórnsýslustigi, en umsóknir eru lagðar fram hjá lögreglu. Samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga, sem endurspeglast í flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, eiga þeir sem sæta ofskónum í heimalandi sínu eða eiga hættu á dauðarefsingu, pyndingum eða ómannuðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu rétt á hæli sem flóttamenn hér á landi. Heimilt er að veita umsækjanda um alþjóðlega vernd sem ekki telst flóttamaður, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, standi til þess ríkar ástæður á borð við alvarleg veikindi eða erfiðar aðstæður í heimalandi. Ísland hefur innleitt hina svokölluðu Dyflinnarreglugerð en samkvæmt henni ber það aðildarríki reglugerðarinnar sem umsækjandi um alþjóðlega vernd kemur fyrst til, ábyrgð á afgreiðslu umsóknar hans. Allar umsóknir um vernd hér á landi eru því fyrst skoðaðar með hliðsjón af því hvort öðru aðildarríki sé skyld að fjalla um umsóknina og taka aftur við umsækjanda. Umsóknir fólks frá ríkjum sem skilgreind eru örugg sæta að meginreglu flýtimeðferð hjá Útlendingastofnun. Reykjanesbær, Reykjavíkurborg og


Hafnarfjarðarbæ eru þau sveitarfélög sem þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd samkvæmt samningi við Útlendingastofnun. Útlendingastofnun sér um að þjónusta hluta umsækjanda en allir umsækjendur byrja umsóknarferil sinni í móttökumiðstöð Útlendingastofnunar í Hafnarfirði. Þjónustuteymi hjá Útlendingastofnun sér um að úthluta umsækjendum þjónustu hjá sveitarfélögum. Rauði kross Íslands veitir umsækjendum réttaraðstoð vegna umsókna þeirra.

## Árið 2020

Árið sem var að líða fól í sér margar nýjar áskoranir í þjónustunni vegna Covid-19. Viðtölum á skrifstofu og heimsóknum á heimili fækkaði mikið ásamt því að þjónusta sem umsækendur eru vanir að nýta og sækja var minni en áður. Nýjir umsækjendur í þjónustu hjá Reykjaneshbæ voru 83 á árinu samanborið við 77 árið 2019. Umsækjendur komu frá 11 mismunandi löndum, flestir frá Írak eða 34. Hæst fór fjöldi umsækjenda í þjónustu í 73 um mitt ár en í lok árs 2020 voru 53 í þjónustu. Íbúðir á leigu voru 13 talsins og var þar engin breyting frá árinu á undan. Samstarf við leigusala hélt áfram að vera gott og farsælt. Farið var yfir brunavarnir í íbúðunum á seinni hluta ársins og uppfærslur gerðar. Samskipti við verslanir og aðrar stofnanir í Reykjaneshbæ voru góð til að mynda við Fjölsmiðuna sem sér umsækendum fyrir ýmsum búsaðoldum og húsgögnum. Einnig við MSS sem hefur kennt umsækjendum með fjölbreyttan bakgrunn íslensku. Samráð starfsmanna við leik og grunnskóla bæjarins hefur verið með góðu móti og er lögð áhersla á að veita börnum sem eru í þjónustu greiðan aðgang að menntakerfinu. Börn og foreldrar í þjónustu eru almennt mjög ánægð með menntakerfið hér í Reykjaneshbæ. Á árinu 2020 var lögð áhersla á að auka innlit á heimili til að meta líðan og aðstæður umsækjenda og aukin ráðgjöf veitt til þeirra sem fengu vernd á árinu. Þrátt fyrir ófyrirsjáanlegar aðstæður er hægt að fullyrða að vel hafi tekist til.



Mynd 18. Upprunalönd umsækjenda um vernd




Mynd 19. Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd

Á árinu fengu 89 aðilar í þjónustu Reykjaneshjar samþykkta umsókn sína um alþjóðlega vernd eða leyfi af mannúðarástæðum. Á mynd 15 má sjá hvernig einstaklingarnir skiptust eftir fjölskyldutegund.



Mynd 20. Fjölskyldutegund þeirra sem fengu leyfi á árinu 2020

Flestir sem fengu leyfi ákváðu að setjast að í Reykjavík eða 60 einstaklingar, 23 settust að í Reykjaneshæ og er það breyting frá árunum á undan. Meginástæðu fyrir flutningi til Reykjavíkur við leyfisveitingu segja umsækjendur vera hærri grunnframfærslu í Reykjavík.



Mynd 21. Búseta eftir leyfisveitingu

## Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Forstöðumaður:

Ása Eyjólfssdóttir

Deildarstjóri heimabjónustu:

Margrét Arnbjörg Valsdóttir

Deildarstjóri dagdvala Nesvöllum og Selinu:

Eyrún Sif Ingólfssdóttir

Deildarstjóri félagsstarfs:

Guðbjörg Marteinsdóttir


Meginverkefni málaflokkssins er að veita stuðningsþjónustu til þeirra aðila sem hafa þörf fyrir þjónustu skv.þjónustumati, reka tvær dagdvalir, eina almenna og aðra fyrir minnisskerta og rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara í Reykjanesbæ. Á Nesvöllum er í boði heitur matur á virkum dögum og félagsstarf af ýmsu tagi. Önnur verkefni sem heyra undir starfsemina er samstarf við aðrar stofnanir, stefnumótun og áætlanagerð, aðkoma að úthlutun íbúða fyrir aldraða og fleira. Ástandið í samfélaginu setti að sjálfsögðu svip sinn á starfið eins og allt samfélagið, loka þurfti tímabundið ýmsum úrræðum og önnur þurftu nýja og lausnamiðaða nálgun. Segja má með sanni að árið hafi reynt á starfsmenn og okkar þjónustuþega en í heildina gekk vel að finna út nýjar lausnir við áskorunum. Starfsmenn málaflokkssins voru um 45 í lok árs og hefur farið fjölgandi í ljósi nýrra verkefna.

## Þjónustumiðstöð – Nesvellir

Á Nesvöllum - þjónustumiðstöð er í boði megnið af þjónustu við aldraða íbúa Reykjanesbæjar. Þar er boðið upp á hádegisverð alla virka daga, heimsendingu matar alla daga ársins, hreyfingu (leikfimi og dans), listasmiðju með fjölbreyttu handverki, viðburðum í sal og dagdvöl. Félag eldri borgara á Suðurnesjum er einnig með aðstöðu í húsinu og öfluga starfsemi þar t.a.m. bingó, félagsvist og brids. Í þjónustumiðstöðinni er einnig sjálfstæð starfssemi t.a.m. sjúkraþjálfun, hárgreiðslustofa, fótaaðgerða/snyrtistofa og læknaþjónusta.

## Félagsstarf

Félagsstarf á Nesvöllum einkennist af fjölbreytni með það að markmiði að koma til móts við sem flesta má þar nefna; gler, postulín, keramik og handavinna. Boðið var upp á hreyfingu tvisvar sinnum í viku á mánudögum og fimmtudögum. Þá er einnig fjölbreytt félagsstarf sem Félag eldri borgara á Suðurnesjum býður upp á Nesvöllum t.a.m. bingó, félagsvist, bridge o.fl. Utan Nesvalla er boðið upp á boccia tvisvar í viku í Íþróttahúsinu við Sunnubraut undir leiðsögn þjálfara. Á Nesvöllum eru einnig viðburðir á föstudögum þar sem boðið er uppá ýmiss konar skemmtiatriði s.s. söng, dans, kynningar o.fl. Starfsmenn Nesvalla sjá um að skipuleggja viðburði á föstudögum fyrir eldri borgara í samstarfi við Hrafnistu og Félag eldri borgara. Lokað var í félagsstarfinu í c.a. þrjá mánuði á árinu vegna heimsfaraldursins. Stöðugildi félagsstarfs eru alls 2,5.



Mynd 22. Félagsstarf á Nesvöllum 2020


## Fjölbætt heilsuefling – Leið að farsælli öldrun

Verkefni dr. Janusar Guðlaugssonar „Fjölbætt heilsuefling 65+“ hélt sínu striki á árinu 2020 þrátt fyrir takmarkanir á opnum líkamsræktarstöðva. Tveir nýir hópar byrjuðu á árinu, sá fyrri í febrúar og seinni í september. Janus og starfsfólk hans hafa sýnt mikla útsjónarsemi í þróun á fjarþálfun vegna ástandsins og er þeim þakkað fyrir lausnamiðaða nálgun. Í lok árs voru fjórir hópar í gangi í Reykjanesbæ, eða á bilinu 150 – 170 manns.

## Dagdvöl aldraða


Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði fyrir eldri borgara sem búa í heimahúsi. Dagvalarrými í Reykjanesbæ eru alls 33, þar af eru 18 rými almenn og 15 rými fyrir minniskerta. Dagdvöl fyrir minnisskerta er í Selinu við Vallarbraut en almenn dagdvöl er staðsett á Nesvöllum. Dagdvöl er mikilvægur liður í að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima. Dvalartími fer eftir þörfum og vilja hvers og eins en hann getur verið frá einum og upp í fimm daga vikunnar. Lagt er upp með heimilislegt og notalegt umhverfi á báðum dagdvölunum.

Jafnframt er leitast við að viðhalda sjálfstæði einstaklingsins eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega, vitsmunalega og félagslega færni hvers og eins. Þá er lögð á að efla þáttöku einstaklinganna í daglegu starfi og athöfnum. Boðið er uppá akstur til og frá dagdvölinni fyrir þá sem þess óska.



Mynd 23. Fjöldi einstaklinga í dagdvöllum 2018-2020

Á árinu 2020 nutu 81 dvalargestir þjónustu dagdvalanna, þar af 36 í Selinu og 45 á Nesvöllum, 48 konur og 33 karlar. Alls starfa 13 manns í dagdvölunum í 10,5 stöðugildum.



24. Fjöldi daga í dagdvöllum 2018-2020

## Stuðningsþjónusta


Í stuðningsþjónustu (félagslegri heimaþjónustu, frekari liðveislu) starfa 20-24 starfsmenn að jafnaði í um 16,5 stöðugildum. Árið 2020 var ár mikilla umbreytinga í stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar. Samkvæmt breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tóku gildi í október 2018 og samningi um samþætta heimaþjónustu sem tók gildi í október 2019 hefur heiti á félagslegri heimaþjónustu og frekari liðveislu breyst í stuðningsþjónustu. Áhersla er lögð á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu á grundvelli mats á þjónustubörf fremur en aldri og greiningum. Sjá má í tölulegum upplýsingum hvernig þjónustan er að aukast og starfsumhverfi starfsfólks í stuðningsþjónustu að breytast frá því að vera nánast einungis

dagvinna á virkum dögum yfir í að vera þjónustu sem veitt er alla daga ársins frá morgni til kvölds. Stuðningsþjónusta er veitt til allra aldurshópa skv. þjónustumati. Markmið hennar er að aðstoða íbúa sem búa heima við heimilishald, persónulega umhirðu og aðdrætti vegna skertrar getu, að efla einstaklinga til sjálfsbjargar. Stuðningsþjónusta stuðlar að því gera öldruðum, fötluðum og veikum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og þjónustubörfin ræðst af aðstæðum í hverju einstöku tilviki.

Helstu verkefni stuðningsþjónustu er m.a. aðstoð við heimilishald og við persónulega umhirðu, félaglegaru stuðningur, heimsóknarþjónusta og aðstoð við umönnun barna skv. barnaverndarlögum. Alls fengu 390 heimili aðstoð frá félagslegri heimaþjónustu. Samtals voru heimsóknir frá starfsmönnum heimaþjónustunnar 14.894 klst.

### Sambætt heimaþjónusta

Í lok árs 2019 var undirritaður samningur um sambætta heimaþjónustu í samvinnu heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og félagslegrar heimaþjónustu (stuðningsþjónustu) Velferðarsviðs Reykjanesbæjar. Fjármögnun og stjórnun er aðskilin en skipulag verkefna og verkefni eru sameiginleg. Markmiðið með sambættri heimaþjónustu er að veita örugga, rétt tímasetta og skilvirka, notendamiðaða og árangursríka þjónustu sem er bæði samfelld og samhæfð. Áhersla er lögð á að þjónustan auki líkur á bættri heilsu og auknum lífsgæðum þjónustubega. Með vel skipulagðri sambættri heimaþjónustu og auknum stuðningi við einstaklinga á heimilum má fækka bráðainnlögnum og seinka stofnanadvöl á hjúkrunarheimili. Á árinu 2020 fengu alls 40 einstaklingar þjónustu á grundvelli verkefnisins í alls 2.446 stundir.




Mynd 25. Fjöldi heimila og tímafjöldi í stuðningsþjónustu 2018-2020


### Heimsendur matur

Heimsendur matur er í boði í hádegi alla daga ársins til þeirra sem ekki geta séð sjálfir um matseld og geta ekki nýtt sér mótneytið á Nesvöllum. Á árinu fengu 166 heimili heimsendan mat, samtals 16.574 skammta. Samningur er við Hrafnistu á Nesvöllum varðandi heimsendan

mat og sér Ferðaþjónustu Reykjaness um útkeyrslu alla daga ársins. Heimsending matar jókst töluvert í fyrstu bylgju covid 19 en á þeim tíma var matsalur á Nesvöllum lokaður, sama á við um tvo síðustu mánuði ársins.



26. Fjöldi matarskamma í heimsendum mat 2018-2020



Mynd 27. Fjöldi heimila með heimsendan mat 2018-2020

## Undirritun samnings um nýtt hjúkrunarheimili

Þann 27. febrúar 2020 undirrituðu Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjaneshúsar, samning um nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili í Reykjaneshús. Heimilið mun rísa við hlið núverandi hjúkrunarheimilis á Nesvöllum og verður samtengt. Með tilkomu heimilisins fjölgar hjúkrunarrýmum í sveitarfélaginu um 30 en 30 rýmanna koma í stað þeirra rýma sem nú eru á Hlévangi, sem verður lokað í kjölfarið.



## Ný verkefni


Reykjanesbær sótti um styrk til Félagsmálaráðuneytisins til að elfa félagsstarf fullorðinna vegna ástandsins í þjóðféluginu. Lagt var upp með tvö ný verkefni í félagsstarfi fullorðinna vegna styrkveitingar ráðuneytis. Það voru verkefnin „Heilsueflandi heimsóknir“ og verkefnið „Allir með“. Auk þessara tveggja verkefna var lögð áhersla á að vera með leikfimi og listasmiðju í boði í allt sumar, verkefni sem öllu jafna eru ekki í gangi í fimm vikur á sumrin og var þátttakan með ágætum. Ráðnir voru inn þrír starfsmenn sem allir eru námsmenn til að sinna þessum verkefnum, auk þess sem keypt var utanaðkomandi þjónusta leiðsögumanna og samningur var gerður við fólksflutningafyrirtæki vegna rútuferðanna. Verkefnið „Heilsueflandi heimsóknir“ gekk út á að bjóða íbúum í Reykjanesbæ á aldrinum 75-80 ára og búa á eigin heimili upp á skipulagða heimsókn þar sem m.a. voru veittar upplýsingar og ráðgjöf um þá þjónustu sem Reykjanesbær hefur upp á að bjóða. „Allir með“ gekk út á að bjóða upp á gjaldfrjálsar, skemmtilegar og hæfilega langar rútuferðir með leiðsögn fagaðila fyrir öryrkja og eldri borgara í Reykjanesbæ. Farið var alls í sjö ferðir, eða eina ferð á viku í sjö vikur. Þátttakendur voru frá 35 manns uppí 100 manns í hverri ferð.

## Fjölmenning




Verkefnastjóri: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

Í árslok 2020 voru íbúar Reykjanesbæjar 19.683 og hafði fjórðungur íbúanna erlent ríkisfang. Íbúarnir höfðu 90 ólík ríkisföng. Ríflega 3.000 höfðu pólskt ríkisfang, sem eru um 60% allra sem höfðu erlent ríkisfang og um 16% allra íbúa Reykjanesbæjar. Næst fjölmennastir eru ríkisborgarar frá Litháen, Rúmeníu, Lettlandi og Króatíu en þeir hópar eru mun minni eða með um 100 til 390 íbúa. Frá júlí 2019 hafa íbúatölur verið greindar með markvissum hætti ársfjórðungslega út frá aldri, kyni og ríkisfangi íbúanna. Hlutfall þeirra sem hafa erlent ríkisfang er afar breytilegt eftir aldri eins og sjá má á mynd 28 eru flestir íbúar með erlent ríkisfang á aldrinum 21 til 50 ára.



Mynd 28. Íbúar Reykjanesbæjar 31.desember 2020. Eftir aldrí, kyni og ríkisfangi

Á mynd 29 má sjá ólík hlutfall þeirra sem hafa erlend ríkisfang. Á myndinni sést glögglega að íbúar með pólst ríkisfang eru lang fjölmennastir, þá íbúar með litháiskt, rúmenst og lettneskt.




Mynd 29. Íbúar Reykjanesbæjar desember 2020. Hlutfallsskipting eftir erlendu ríkisfangi

## Samfélagsgreining


Reykjanesbær hóf samtal við Hagstofu Íslands í lok árs 2019 um vinnslubeiðni varðandi samfélagsgreiningu á sveitarféluginu. Markmiðið var að fá betri innsýn í íbúaflæði sveitarfélagsins þá sérstaklega út frá búsetulengd íbúanna. Með þessu væri hægt að gera stefnumörkun sveitarfélagsins, ákvarðanatöku um aðgerðir og forgangsröðun fjármagns skilvirkari og markvissar. Í maí 2020 kom út aðgerðaáætlun ríkisins um eflingu þjónustu ríkisins á Suðurnesjum þar sem 250 m.kr. af öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í kjölfar heimsfaraldursins var ráðstafað sérstaklega til Suðurnesja vegna áhrifa faraldursins á svæðið

og aukið atvinnuleysi. Tekin var ákvörðum um að útvíkka samfélagsgreiningarvinnu Reykjaneshæjar til Suðurnesja í heild og varð aðgerðin hluti fyrrnefndrar aðgerðaáætlunar. Samfélagsgreiningarverkefninu er skipt í tvennt. Annar hluti hennar snýr að lýðfræðilegri greiningu í samvinnu við Hagstofu Íslands og hinn hlutinn snýr að stórra viðhorfs- og þátttökukönnun íbúa svæðisins. Gerður var samningur við Hagstofu Ísland þar sem samfélagsleg áhrif fólksfjölgunar á vaxtasvæði Suðurnesja um vinnslugögn sem gefa sveitarfélögunum á Suðurnesjum tækifæri til þess að greina víðtæk gögn frá Hagstofunni sem send voru um miðjan desember 2020. Með þessu verður unnt að gera stefnumótunarvinnu svæðisins enn skilvirkari, markvissari og heildstæðari og skilningur á samfélagsþróun Suðurnesja verður aukinn. Upplýsingarnar gefa jafnframt tækifæri til þess að skoða áhrif og meta afleiðingar íbúapróunar á svæðinu á samfélagið í heild. Reykjaneshær hefur þegar hafið greiningu gagnanna og má sjá hér myndir sem sýna aldur, kyn og uppruna íbúa Reykjaneshæjar.




Mynd 30.

Íbúar Reykjaneshær  
Íslenskur uppruni (Innlendir).  
Hvorki innflytjendur né  
önnur kynslóð innflytjenda.



Mynd 31.

Íbúar Reykjaneshær  
Innlflytjendur: Fæddir erlendis og  
eiga foreldra sem eru einnig  
fæddir erlendis, svo og báðir afar  
og ömmur.



Mynd 32.

Íbúar Reykjaneshær  
Önnur kynslóð innflytjenda.  
Fæddir á Íslandi og foreldrar innflytjendur.

Síðari hluti aðgerðarinnar um samfélagsgreiningu er unnin í nánu samstarfi allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum óskaði eftir tilnefningum í starfshóps fyrir öll sveitarfélög á Suðurnesjum og fólk Reykjaneshær að leiða hópinn skv. tillögu sem lögð var fram í aðgerð skýrslunnar. Verkefnastjóri fjölmenningarmála leiðir hópinn sem fór af stað undir lok árs 2020 og er skipaður fulltrúum allra sveitarfélaganna og Sambands sveitarfélaga

á Suðurnesjum. Verkefni hópsins er að fjalla um síðari hluta aðgerðarinnar er snýr að viðhorfs- og þátttökugreiningu og vinna saman að sameiginlegum skilningi verkefnisins. Þessi hluti verkefnisins hefur fengið vinnuheitið „Suðurnes til framtíðar“.

## Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans

Verkefnastjóri fjölmenningsarmála hefur tekið þátt í samstarfshópi með Fjölmenningsarsetri og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem vinnur að leiðarljósi fyrir sveitarfélög um móttökuáætlunar. Samhliða því hefur verið unnið að verkefni innan Reykjanesbæjar sem kallast „Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans“ og snýr að því að móta alla þjónustu út frá þörfum íbúa sveitarfélagsins og einfalda alla upplýsingagjöf. Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans er önnur aðgerð aðgerðaáætlunar um eflingu þjónustu ríkisins á Suðurnesjum. Verkefninu er ætlað að bæta og efla þjónustu við íbúa Reykjanesbæjar, með sérstakri áherslu á íbúa af erlendum uppruna. Framtíðarsýn verkefnisins snýr að því að veittar verði góðar og skilvirkar upplýsingar um alla opinbera þjónustu á einum stað, nærsamfélagið og öll helstu réttindamál. Umgjörð þjónustu við íbúa svæðisins verði einfölduð og gerð skilvirkari. Meginmarkmið aðgerðarinnar er að stuðla að jöfnum tækifærum íbúa til félagslegrar þátttöku og atvinnu með bættu aðgengi að þjónustu við íbúa svæðisins. Jafnframt skal skilvirkт samstarf við aðra opinbera þjónustuaðila aukið, s.s. sýslumannsembættið, Fjölmenningsarsetur, Þjóðskrá, Vinnumálastofnun, stéttarfélög, Útlendingastofnun sem og félagasamtök. Verkefnið verður þróað í samvinnu við þróun verkefna hjá nýstofnaðri Ráðgjafastofu um málefni innflytjenda. Aðgerðin er unnin hjá Reykjanesbæ sem hefur yfirumsjón með verkefninu og mun þróa það inn í þjónustu sveitarfélagsins í nánu samstarfi við aðra opinbera aðila á Suðurnesjum. Í framhaldinu mun Reykjanesbær styðja önnur sveitarfélög við að þróa framlínuþjónustu í samræmi við verkefnið, þar sem þess verður óskað. Reykjanesbær vinnur að framkvæmd aðgerðarinnar af mikilli einurð og kostgæfni. Verið er að byggja vel undir breytingar í þjónustu við íbúa og gera ráð fyrir því að fleiri erindum verði svarað í fyrstu snertingu og sérfræðiþjónusta færð í framlínuna. Verkefnið snýr hvoru tveggja að því að bæta og styrkja stafrænar lausnir svo fleiri erindi megi leysa með góðum upplýsingum á vefnum og umsóknarferli um alla þjónustu verði gerð rafræn sem og því að persónuleg þjónusta verði bætt til muna með notendavænu og menningarnæmu viðmóti.

## Skapandi sumarstarf á Ásbrú

Skapandi sumarnámskeið á Ásbrú: Listsköpun og leikir var tilraunaverkefni til þess gert að athuga hvort börn úr hverfinu sækji frekar námskeið sem haldin eru þar.

Ráðnir voru inn fjórir starfsmenn í gegnum summarátaksverkefni Vinnumálastofnunar fyrir námsmenn á milli anna eða skólastiga til þess að móta og leiða námskeiðið. Þessir fjórir starfsmenn mynduðu teymi sem vann náið saman í allt summar, einn starfsmaðurinn var ráðinn til verkefnisins sem leiðtogi teymisins. Starfsmennirnir hófu störf um miðjan júní og unnu að undirbúningi námskeiðsins sem fór af stað 27. júlí 2020 og náði til 11. ágúst 2020. Þegar námskeiðið fór af stað bættust við tíu starfsmenn í gegnum Vinnuskóla Reykjanésbæjar.

Skapandi sumarstarf var spennandi tveggja vikna sumarnámskeið með áherslu á listsköpun og leik. Lögð var áhersla á samfélagsfræðslu og félagsfærniþjálfun og unnið markvisst að sjálfsstyrkingu og hópefli. Leitað var eftir samstarfi við Hjálpræðisherinn í Reykjanésbæ og var námskeiðið hýst í þeirra húsnæði. Markmið námskeiðsins var að auka vellíðan og virkni barna á aldrinum 7 til 12 ára. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna af erlendum uppruna, barna sem eru ólíklegrir til að sækja tómstundastarf á sumrin og barna sem búa í Ásbrúarhverfi. Námskeiðið var endurgjaldslaust.

## Allir með!

Reykjanésbær fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu í janúar 2020 til þess að styðja og styrkja börn í viðkvæmri stöðu, efla jákvæð samskipti í fjölmenningsarsamfélagi og styrkja félagsfærni barna sem búa við viðkvæmar aðstæður. Verkefnið er framhald verkefnisins *Vertu memm* sem var unnið frá 2018 til 2020. Verkefnastjóri fjölmenningarmála hefur leitt verkefnið sem er unnið í nánu samstarfi velferðarsviðs og fræðslusviðs. Settur var á laggirnar sex manna stýrihópur með þremur fulltrúum frá hvoru sviði sem í sitja:

- Guðrún Magnúsdóttir, lýðheilsufræðingur.
- Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi.
- Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri í íslensku sem öðru máli.
- Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi.
- Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmenningarmála.
- María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar.

Stýrihópurinn vann að mótun verkefnisins og undirbúningi á vormánuðum og yfir sumarið.

Þann 3. september 2020 var verkefninu formlega hleypt af stokkunum með undirritun tveggja



samninga. Annars vegar var gerður samningur við Kvan um fræðslu, þjálfun og menntun allra sem koma að barnastarfi í Reykjanesbæ og hins vegar þríhlíða samning milli Reykjanesbæjar og ungmannafélaganna tveggja, Keflavík og UMFN. Ungmannafélögin tvö í Reykjanesbæ, Keflavík og UMFN hafa yfirumsjón með verkefnastjórn, tölfræðiupplýsingum og kynningu á íþróttu- og tómstundastarfi. Ungmannafélag Íslands er jafnframt samstarfsaðili að verkefninu og fjármagnar sérstök námskeið fyrir þjálfara ungmannafélaganna Keflavík og UMFN. Kvan er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í því að styðja fólk til að ná að virkja þann kraft sem í þeim býr og veita þeim aðgengi að styrkleikum sínum. Kvan hefur unnið mikið með vináttuþjálfun barna og fjallað um mikilvægi þess að tilheyra samféluginu. Kvan sér um fræðslu og menntun allra sem koma að barnastarfi í Reykjanesbæ.



Allir með! er viðamikið samfélagsverkefni sem fellur vel að stefnu Reykjanesbær. Reykjanesbær er fjölskylduvænn bær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþróttu og menningarstarf. Börnin eru mikilvægust og ávallt skal unnið að vellíðan íbúa. Rík áhersla er lögð á að öllum börnum líði vel og að vinátta vaxi í gegnum leik og jákvæð samskipti. Að stuðla að jöfnum tækifærum barna til þess að tilheyra samféluginu. Lagt er upp með að öll börn séu í skipulögðu íþróttu- og tómstundastarfi og að allir sem starfa með börnum vinni að vellíðan þeirra með skipulögðum hætti.

## ÞAÐ ÞARF HEILT ÞORP TIL AÐ ALA UPP BARN



Allir með! miðar að því að styrkja og styðja þorpið sem kemur að því að ala upp börnin sem þar búa. Vellíðan íbúa spilar þar lykilatriði og er unnið að því að auka lífsgæði og jákvæð samskipti með markvissum hætti. Jákvætt viðmót skal vera ráðandi í öllu starfi með börnum. Markhópur verkefnisins eru börn á grunnskólaaldri og er sérstök áhersla lögð á að ná til barna af erlendum uppruna og barna sem ekki eru nú þegar í skipulögðu íþróttu-, tómstunda- eða æskulýðsstarfi. Með þessi markmið fyrir augum fá umsjónarkennrarar 5., 6. og 7. bekkjar í öllum sjö grunnskólum Reykjanesbæjar, kennrar nemenda með annað móðurmál en íslensku, forstöðumenn frístundaheimila fyrir nemendur í 1. til 4. bekk og lykilþjálfarar aðildarfélaga UMFÍ hagnýt námskeið til þess að styrkja jákvæð samskipti og stuðla að félagslegri vellíðan barna. Að auki verða vinnustofur fyrir alla þá sem starfa með grunnskólabörnum í Reykjanesbæ, hvort sem þeir starfa hjá sveitarféluginu eða ekki. Samhliða verkefninu birti Reykjanesbær sáttmála sem stuðlar að ábyrgð allra samfélagsþegna gagnvart samfélagi þar sem jákvæð samskipti og vellíðan íbúa eru í fyrirrúmi.

Með því að efla alla bæjarbúa til þess að styðja við börn og rækta náungakærleikann er verkefnið sett í stærra samhengi. Bæjarbúar eiga þess kost að skrifa undir samfélagssáttmálann rafrænt á vefsíðu Reykjanesbæjar.

## Pólsk menningarhátíð



Pólsk menningarhátíð var haldin í þriðja sinn vikuna 2. til 7. nóvember 2020. Hátíðin fór að mestu fram rafrænt og utandyra enda samkomuskerðingar í hámarki. Samið var við tvo verkefnastjóra sem stýrðu hugmyndavinnu fyrir hátíðina, sáu um að afla tengsla við sjálfboðaliða og vinnaugarflæðisvinnu í samvinnu við sjálfboðaliða og aðra íbúa Reykjanesbæjar. Þeir mótuðu og leiddu verkefni og stýrðu framkvæmd hátíðarinnar. Það þótti vel heppnað að fá utanaðkomandi verkata í verkefnastjórnun hátíðarinnar enda fangar það markmið hátíðarinnar vel, þ.e. að efla tengsl við íbúa af pólskum uppruna og styrkja samstarf við sveitarfélagið. Verkefnastjórarnir voru: Monika Dorota Krus og Marta Magdalena Niebieszczanska. Áhersla ársins var Saman í krafti fjölbreytileikans og var táknum þá samstöðu sem íbúar sýndu í tímum heimsfaraldursins og áherslu á það sem sameinar fremur það sem aðgreinir. Markmiðið með hátíðinni er að stuðla að auknum jöfnuði í samféluginu, virkja íbúa af pólskum uppruna til þátttöku í samféluginu og vinna með markvissum hætti að jákvæðu viðhorfi í garð fólks af pólskum uppruna.

## Lýðheilsa



Verkefnastjóri: Guðrún Magnúsdóttir

Í byrjun október 2016 skrifaði Reykjanesbær undir samning um þátttöku í Heilsueflandi samfélagi við Embætti landlæknis. Þar er hugmyndafræðin að unnið sé í samstarfi og samráði

við sveitarfélög, opinberar stofnanir og frjáls félagssamtök við að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. 17. september 2019 var lýðheilsuráð stofnað og sama ár var lýðheilsufulltrúi ráðinn til starfa hjá sveitarféluginu, staðsettur á velferðarsviði en vinnur þvert á svið sveitarfélagsins.

Árið 2020 hefur farið í ýmis verkefni sem tengjast heimsfaraldri, mótu starfsins, innleiðingu heilsueflandi samfélags í leik- og grunnskólum. Einnig hefur miklum tíma verið varið í kortlagningu á sveitarféluginu með tilliti til aldurs íbúa, þjóðernis, tekna, menntunar, líðan og lífsskilyrða, ásamt öðrum þáttum og unnið að kortlagningu út frá ýmsum mælitækjum eins og lýðheilsuvísum sem gefnir eru út árlega af Embætti landlæknis, vísitölu Framfaravogarinnar og annarra opinberra mælikvarða.

## Lýðheilsustefna

Á árinu var Lýðheilsustefna Reykjanesbæjar mótuð og unnin að fullu. Skipaðir voru stýri- og samráðshópar sem samanstóðu af fagaðilum sem starfa hjá sveitarféluginu ásamt íbúum sem tóku þátt í stefnumótuninni. Stefnan var unnin eftir verklagsferlum samkvæmt ráðleggingum Embætti landlæknis. Í Lýðheilsustefnunni er sett fram sú framtíðarsýn að stofnanir séu heilsueflandi og vinni að því að bæta mataræði, auka hreyfingu og útvist og efla geðrækt í þeim tilgangi að auka vellíðan og heilsu íbúa. Tilgangur þverfaglegrar lýðheilsustefnu Reykjanesbæjar er að styðja við og stuðla að heilsueflandi og fjölskylduvænu samfélagi þar sem umhverfi og aðstæður hvetja til heilbrigðra lifnaðarháttu, heilsu og vellíðunar allra íbúa. Í stefnu sveitarfélagsins er lögð áhersla á að styðja við hæfileika allra íbúa í gegnum öflugt skóla-, íþróttar- og menningarstarf og að sköpuð séu fjölbreytt störf í vistvænu fjölmenningarsamfélagi sem einkennast af framsækni, virðingu og eldmóði. Lýðheilsustefnan og markmið hennar byggjast á þverfaglegu samstarfi innan sveitarfélagsins sem felur í sér að efla og viðhalda heilsu og vellíðan íbúa. Stefnan er lifandi og verður endurskoðuð árlega.

Aðaláherslur 2020-2021

- Hvetja og styðja við heilsueflingu í sambættingu við heimsmarkmið SP á vinnustöðum, skólum og heilbrigðisstofnunum með viðeigandi gögnum og upplýsingum. Leggja heildstætt mat á þá vinnu árlega.
- Að Reykjanesbær og allir leik-, grunn og framhaldskólar verði orðnir virkir þáttakendur í Heilsueflandi verkefni Embætti landlæknis í lok árs 2021. Þátttaka snýr að markvissu lýðheilsustarfi með það að meginmarkmiði að skapa aðstæður og umhverfi sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.

- „Allir með“

Áhersla lögð á geðrækt þar sem unnin verði verkefni er lúta að íhlutun, ráðgjöf og fræðslu um geðheilbrigðismál fyrir alla aldurshópa í sveitarfélagini.

## **Heilsueflandi samfélög á Suðurnesjum**

Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær og Vogar eru í samstarf vegna Heilsueflandi samfélaga á Suðurnesjum. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan íbúa á Suðurnesjum með markvissum hætti. Fyrsti fundur ársins 2020 var 27. janúar þar sem Gígja Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags hjá Embætti landlæknis mætti og kynnti fyrir samstarfshópnum starfsemin og fyrirhugaða gátlista sem samfélög geta nýtt sér við innleiðingu og eftirfylgni heilsueflandi samfélaga. Hópurinn hefur fundið mánaðarlega og farið yfir stöðu mála hver í sínu sveitarfélagi, með það að markmiði að eiga samráð og skiptast á hugmyndum um hvað sé hægt að gera og hvaða þjónustu megi veita á þessum fordæmalausu tínum.

Í maí 2020 hlaut Heilsueflandi Suðurnes styrk uppá 1.500.000 kr frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu fyrir frístundarvef sem snýr að öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjunum. Einnig var sótt var um í Uppbyggingarsjóð fyrir Geðræktarverkefni sem snéri að ungmennum á Suðurnesjum og óskað var eftir styrk fyrir verkefnastjóra, markaðssetningu og fræðslupakka en umsókninni var hafnað.

## **Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar**

Í lok árs höfðu allir leik-, grunn- og framhaldsskólar í Reykjanesbæ sött um þátttöku í Heilsueflandi grunnskólar sem er verkefni á vegum Embætti landlæknis og er afurð þróunarstarfs sem unnið var í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Allir skólar Reykjanesbæjar hafa úthlutað verkefninu til tengiliðs/verkefnastjóra fyrir sinn skóla sem fylgir nú innleiðingarferlinu með stuðningi frá verkefnastjóra Embætti landlæknis og lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar. Í lok árs 2020 fengu tengiliðir grunnskólanna kynningu og kennslu á heimasíðu sem var gerð virk á árinu og styður við skóla og stofnanir í ferlinu. Hver skóli hefur sinn aðgang og inná því svæði má finna gátlista og aðrar gagnlegar upplýsingar við innleiðingu og eftirfylgd verkefnisins.

## **Lýðheilsusjóður Embætti landlæknis**

Árlega er opið fyrir umsóknir í Lýðheilsusjóð Embætti landlæknis og markmið sjóðsins samkvæmt lögum að styrkja lýðheilsustarf bæði innan og utan embættisins. Lýðheilsufulltrúi

sótti um styrk í verkefnið „Suðurnes til framtíðar“ og var Reykjanesbæ úthlutað 2.000.000 milljónir í verkefnið úr sjóðnum. Í lok árs lagði Lýðheilsufulltrúi inn tvær umsóknir til sjóðsins fyrir verkefni varðandi smáforrit (App) vegna heilsustíga í Reykjanesbæ og einnig vegna verkefnis varðandi valdeflingu fyrir foreldra sem eru utan vinnumarkaðar sem unnið er í samstarfi við „Allir með“ verkefnið.

## Bleikur október

Lýðheilsufulltrúi, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Krabbameinsfélagið á Suðurnesjum unnu á árinu í að móta Kvennamóttöku, sem fyrirhugað var að taka í notkun þann 16. október á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Búið var að móta dagskrá með heilsufarsmælingu, fræðslu og vörukynningum. Hugmyndin var einnig að konur yrðu kallaðar saman til þess að styðja hvor aðra á þessum vettvangi í að auka og viðhalda heilsu sinni. Því miður þurfti að aflýsa viðburðinum sökum fjöldatakmarkana í samféluginu og heimsfaraldri. Stefnt verður að því að hafa árlegt hvatningar- og árvekni átak til þess að hvetja konur til þess að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu sinni, fylgja eftir reglulegri skimun og fræðsla. Skólahjúkrunarfræðingar og allir þeir fagaðilar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem þjónusta konur koma að verkefni með einum eða öðrum hætti. Á síðustu 50 árum hafa lífslíkur kvenna með krabbamein á Íslandi tvöfaldast og eru mjög góðar á heimsmælikvarða. Rannsóknir og öflugt vísindastarf eru grunnurinn að þessum góða árangri. Verkinu er þó hvergi nærrí lokið. Samkvæmt niðurstöðum Lýðheilsuvísa síðastliðin ár er mikilvægt að gripið verði til aðgerða á Suðurnesjum og konur hvattar til þess að sækja sér þá þjónustu sem í boði er og auka aðgengi að slíkri þjónustu.

## Mottumars

Lýðheilsufulltrúi, Heilbrigðisstofnunnar Suðurnesja og Krabbameinsfélagið stóðu að skipulagningu Mottumars í Reykjanesbæ sem þurfti svo að aflýsa sökum fjöldatakmarkana í samféluginu og heimsfaraldurs. Búið var að skipuleggja viðburð á Bókasafni Reykjanesbæjar 12. mars þar sem Sölvi Tryggvason ætlaði að kynna bókina *Á eigin skinni* og fara yfir lykilatriði þegar kemur að næringu, hreyfingu, bættum svefni og öðru heilsufarsþáttum. 13. mars átti að fara fram karlahlaup með yfirskriftinni „Fimm þúsund skref í rétta átt“. 22. mars átti „Bláa messan“ að fara fram í Keflavíkurkirkju þar sem formaður Krabbameinsfélagsins Hannes Friðriksson ætlaði að kynna félagið. Stefnt verður að því að hafa árlegt hvatningar- og árverkni átak til þess að hvetja karlmenn til þess að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu sinni, fylgja

eftir reglulegri skimun og fræðsla. Ár hvert greinast um 832 íslenskir karlar með krabbamein, samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá.

## Krabbameinsfélag Íslands – ráðgjafabjónusta

Í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem skapast hafði á Suðurnesjum í kjölfar Covid-19 faraldursins, með auknu atvinnuleysi, gerðu Krabbameinsfélagið (KÍ), aðildarfélag þess á Suðurnesjum, Reykjaneshús og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) samning um samstarf sem fól í sér þjónustu í Reykjaneshús hjá þverfaglegu teymi sem samanstendur af hjúkrunarfræðingum, sálfræðingi, kynfræðingi, lýðheilsufræðingi og félagsráðgjafa fyrir sjúklinga og aðstandendur. Skriffað var undir samninginn þann 11.maí 2020. Ráðgjafi frá KÍ kom tvisvar sinnum í mánuði að jafnaði frá kl. 10 – 15:00 og var markmiðið að mæta sem best þörfum sjúklinga í krabbameinsmeðferð og aðstandendum þeirra. Þjónustan var gjaldfrijáls.

## Skessumílan

4.júní 2020 stóð Reykjaneshús og Skessan í hellinum fyrir heilsueflingaviðburði fyrir alla fjölskylduna, þar sem gengið eða skokkað var 1,6 km frá hafnarvoginni við Keflavíkurhöfn og út í smábátahöfnina eftir göngustígnum við sjávarsíðuna. Að hlaupi loknu var boðið uppá jóga frá Jógabílum. Dregnir voru heilsueflingarglaðningar að hlaupi loknu og allir þátttakendur fengu ávöxt.

## Kynningarmyndbönd

Í júlímaðuði voru tvö kynningarmyndbönd gefin út á vegum LÝÐHEILSURÁÐS Reykjaneshæjar. Annað myndbandið er kynning á því hvað hugtakið lýðheilsa þýðir og hitt var kynningarmyndband á grænum svæðum í Reykjaneshús en í sveitarféluginu má finna mikið af fallegum grænum svæðum sem tilvalið er að nýta til samveru utandyra. Útivera og tengsl við náttúruna hefur jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólk. Útivist getur átt sér stað hvenær sem fólk hentar og hefur upp á margt að bjóða fyrir ímyndunaraflíð og velliðan.

<https://www.youtube.com/watch?v=6JJjaBkH4QA&feature=youtu.be>

[https://www.youtube.com/watch?v=\\_6PbgRF5cRI&t=4s](https://www.youtube.com/watch?v=_6PbgRF5cRI&t=4s)

## Heilsu- og forvarnarvika

Heilsu- og forvarnarvikan var haldin 5-11.október 2020. Markmiðið vikunnar er að styrkja og efla heilsuhegðun íbúa í Reykjaneshús með því að kynna heilbrigrt lífarni, hefðir og að draga úr þeim áhættubáttum sem einstaklingar geta staðið frammi fyrir á lífsleiðinni og hlúa að verndandi þáttum með þáttöku allra bæjarbúa. Fyrirtæki og stofnanir í bæjarféluginu buðu

upp á fjölbreytta dagskrá sem almenningur var hvattur til að kynna sér á heimasíðu sveitarfélagsins og í Víkurfréttum. Skólar og leikskólar tóku þátt með skemmtilegri dagskrá ásamt fjölmögum öðrum viðburðum sem finna mátti á heimasíðu sveitarfélagsins. Þema vikunnar var heilsulæsi sem er getan til að skilja og átta sig á hvar eigi að nálgast upplýsingar sem stuðla að bættri heilsu. Heilsulæsi felur í sér þekkingu og færni einstaklinga til að grípa til aðgerða til þess að hlúa að eigin heilsu. Boðið var uppá fyrirlestur um Sjálfstraust barna og félagsfærni sem Anna Steinsen frá Kvan flutti og fyrirlestur frá Heilsulausnum um skaðsemi vímuefna á líf og heilsu fólks.

## Framfaravogin

Árið 2020 var þriðja árið sem Reykjaneshús tekur þátt í úttekt Framfaravogarinnar en Reykjaneshús hefur verið með í verkefninu frá upphafi og var annað sveitarfélagið á eftir Kópavogsþáum til að taka upp vísitöluna. Árborg er einnig þátttakandi í verkefninu. Framfaravogin er vísitala sem inniheldur 55 mælikvarða um stöðu félagslegra framfara í samféluginu og um leið sýnir hvar og hvað má betur fara. Framfaravogin er stjórntæki sem hjálpar sveitarfélögum að byggja upp umhverfi og innviði sem stuðla að félagslegu öryggi, heilbrigðum lífsháttum og samfélagslegri þátttöku allra íbúa. Á árinu fór mikil vinna í að endurmeta þá mælikvarða sem hafa verið notaðar og þann 25. nóvember 2020 voru niðurstöðurnar kynntar í opnum fundi á Zoom.

## Plastlaus september

Árvekniátakið Plastlaus september hófst 1. september og stóð yfir allan septembermánuð. Verkefnið snýst um að koma auga á óhóflega notkun á plasti og draga úr neyslu á einnota plastumbúðum. Reykjaneshús styrkti átakið og fór styrkurinn í að þýða heimasíðu átaksins yfir á pólsku [www.plastlausseptember.is](http://www.plastlausseptember.is). Bókasafn Reykjaneshájar tók einnig þátt í verkefninu með því að setja upp fyrstu Pokastöðina í Reykjaneshús, bjóða uppá að sauma ýmsa hluti sem draga úr plastnotkun. Settir voru upp glerkassar í Krossmóa með plastlausum leikföngum, nauðsynjavörum og öðrum áhugaverðum hlutum. Reykjaneshús bauð frítt á kvíkmyndina Bag it í bíosal Duus safnahúss 26. september þar sem áhorfendur voru hvattir til þess að mæta með eigin drykki. Boðið var uppá poppkorn sem boríð var fram í ætum skálum.

## Barnvænt sveitarfélög



Verkefnastjóri: Hjörtur Magni Sigurðsson

Þann 25. júní 2020 undirrituðu Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbærar, Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra og Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNICEF á Íslandi, samstarfssamning um verkefnið Barnvænt sveitarfélög. Með undirskriftinni skuldbatt Reykjanesbær sig til að hefja vinnu við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína með stuðningi félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi. Í kjölfarið var settur saman stýrihópur utan um verkefnið. Í stýrihópnum eru fulltrúar frá öllum sviðum Reykjanesbærar, minni- og meirihluta í bæjarstjórn og ungmannaráði.

### Innleiðingarferlið

Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref eins og sjá má á mynd, sem Reykjanesbær mun stíga með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum getur Reykjanesbær sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaráætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf Reykjanesbær að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að



Innleiðingarferlið

tveimur árum liðnum. Árið 2020 hófst stýrihópur verkefnisins handa við kortlagningu verkefnisins. Kortlagningin er eitt mikilvægast skrefið þegar kemur að því að innleiða Barnasáttmálann innan sveitarfélags. Hún felur í sér umtalsverða gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi barna í sveitarfélagini. Sá mælikvarði er í kjölfarið nýttur sem grunnur fyrir aðgerðaráætlun verkefnisins og viðmið fyrir frekari stefnumótun.

## Kortlagning

Stýrihópur verkefnisins ber ábyrgð á kortlagningunni, en hún byggir á fjölbreyttum upplýsingum, meðal annars svörum við gátlistum UNICEF sem fylgja 5 grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, greiningu á svörum við spurningalistum barnvænna sveitarfélaga, samtali við sérfræðihópa barna og samráðsfundi með börnum og ungmennum.

## Gátlistar UNICEF

Fyrsta verkefnið fólst í því að svara gátlistum UNICEF og var stýrihópnum skipt niður í smærri hópa og svaraði hver hópur einum lista. Spurningarnar voru margar þess eðlis að leita þurfti svara út fyrir hópinn, en stýrihópurinn aflaði upplýsinga út fyrir hópinn eftir þörfum. Spurningarnar eru bæði fjölbreyttar og margar, en meðal annars er spurt hvort markvisst sé tekið mið af réttindum barna við ákvarðanir innan sveitarfélagsins og í verklagi starfsfólks, hvort réttindafræðsla fyrir börn og fullorðna sé regluleg, markviss og samfelld og hvort Barnasáttmálinn sé lagður til grundvallar við alla ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins svo eitthvað sé nefnt. Spurningunum var öllum svarað í september 2020 og koma svörin til með að mynda hluta kortlagningarinnar.

## Viðhorfskannanir meðal barna og starfsmanna

Í desember 2020 voru gerðar tvær viðhorfskannanir, önnur á meðal barna á aldrinum 9 til 18 ára og hin meðal starfsmanna Reykjanesbæjar og voru þær gerðar í gegnum forritið SurveyMonkey. Niðurstöður þessara tveggja kannana sýna meðal annars að þörf er á aukinni fræðslu um Barnasáttmálann, bæði meðal barna og fullorðinna.

Tilgangur könnunarinnar meðal barna var að kanna þekkingu þeirra á réttindum sínum og möguleika þeirra til þátttöku og til að hafa áhrif þegar kemur að málefnum sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Könnunin var send á netföng skólastjórnenda ásamt kynningarbréfi, annað til foreldra og forráðamanna og annað til barna. Skólastjórnendur voru beðnir um að hvetja umsjónarkennara til að nýta kennslustundir til að svara. Könnunin var opin í rúman mánuð til að tryggja sem víðtækasta svörun en svör bárust frá alls 1068 börnum.

Börnin voru meðal annars spurð að því hvort þau hafi heyrt talað um Barnasáttmálann og sögðust 52% svarenda ekki hafa heyrt talað um hann og einungis 20% töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Börnin voru einnig spurð að því hvort réttindin í Barnasáttmálanum gildi um þau sjálf en rúm 69% vita það ekki, 5% sögðu að Barnasáttmálinn gildi ekki um þau og 26% vita að Barnasáttmálinn gildir um þau. Aðspurð hvort starfsfólk Reykjanedbæjar hafi spurt þau um skoðun þeirra á málefnum sveitarfélagsins sem fjalla um börn og ungmenni sögðust rúm 70% ekki hafa verið spurð. Tilgangur könnunarinnar meðal starfsmanna var að kanna þekkingu þeirra á Barnasáttmálanum og viðhorf þeirra til málefna tengdum börnum. Könnunin var send á alla starfsmenn Reykjanedbæjar með skráð netföng og bárust svör frá 368 starfsmönnum eða um 36% starfsmanna. Flest svara komu frá starfsfólk sem vinnur með börnum eða rúmlega 73%. 98% svarenda hafa heyrt talað um Barnasáttmálann og um 62% telja sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Þá vita 93% að Barnasáttmálinn gildir um öll börn, 2% telja svo ekki vera og 5% veit ekki hvort svo er. Starfsmenn voru einnig spurðir hvort réttindin í sáttmálanum hafi í för með sér skyldur fyrir börn, en um 36% svöruðu því játandi, 29% vita það ekki og 35% vita að réttindin í sáttmálanum hafa ekki í för með sér skyldur fyrir börn. Þá veit langstærsti hluti svarenda að barn getur ekki misst réttindin sín þótt það brjóti af sér eða um 83%. Gerð verður nánari grein fyrir niðurstöðum þessara tveggja kannana í greinargerð stýrihópsins til UNICEF og lokaskýrslu sem verður gerð aðgengileg öllum íbúum Reykjanedbæjar á vef sveitarfélagsins.

### **Mælaborð – yfirsýn yfir velferð og stöðu barna**

Í tengslum við Innleiðingu Barnasáttmálans þróaði Kópavogur, í samstarfi við UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytið, mælaborð sem hefur að geyma safn 90 mælinga sem veitir yfirsýn yfir velferð og stöðu barna og ungmenna í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Mælaborðið sýnir bæði einstakar mælingar og vístölu barnvæns sveitarfélags. Mælaborðið samanstendur af fimm víddum sem eru beintengdar grunnstoðum Barnasáttmálans. Grunnstoðirnar eru 2. greinin sem fjallar um jafnræði og bann við mismunun, 3. greinin sem fjallar um það að við gerum ávallt það sem er barni fyrir bestu, 6. greinin sem fjallar um rétt barns til að lifa og þroskast og 12. greinin sem fjallar um rétt barns til að tjá sig. Víddirnar fimm í mælaborðinu eru: (1) Menntun, (2) Jafnræði, (3) Heilsa og vellíðan, (4) öryggi og vernd og (5) Samfélagsleg þátttaka. Vísitala barnvænna sveitarfélaga spannar allar víddirnar fimm. Einnig er hægt að skoða vístörlur hverrar víddar fyrir sig og einstakra þátta innan hennar, auk þess má skoða hverja mælingu fyrir sig. Forvinna stýrihópsins fyrir mælaborðið hófst í september 2020. Vinnan fólst í því að safna saman tölfraðigögnum frá hinum ýmsu gagnaveitum, meðal annars

frá Rannsóknum og greiningu, Skólavoginni, HBSC og Embætti landlæknis. Eins og að framan er rakið eru mælingarnar 90 talsins, en skráðar hafa verið 75 mælingar hjá Reykjanesbæ. Í þessu samhengi er rétt að nefna að það er misjafnt eftir sveitarfélögum hvaða tölfraðigönum sveitarfélögin hafa aðgang að og því misjafnt hversu margar mælingar hvert sveitarfélag getur skráð. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu er unnið að því að hægt verði að safna gögnunum miðlægt fyrir öll sveitarfélögin en ekki liggur fyrir hvenær þeirri vinnu mun ljúka. Einnig má nefna að vegna skorts á gögnum aftur í tímann er ekki hægt að lesa mikið í þróun vísitalnanna. Þá ber að geta þess að hlutfallslega fáar mælingar eru fyrir börn á leikskólaaldri sem og ungmanni á aldrinum 17-18 en það endurspeglar skort á mælingum á velferð þessara hópa. Mælaborðið kemur til með að gefa Reykjanesbæ mikilvæga yfirsýn og hjálpar starfsfólki og stjórnendum sveitarfélagsins að undirbyggja stefnumótun, ákvarðanir og aðgerðir til þess að auka velferð barna og ungmenna.

## Hvað segja yngri börnin?

Í nóvember 2020 voru stjórnendur leik- og grunnskóla beðnir um að hvetja umsjónarkennara, annars vegar elstu árganga leikskólanna og yngsta stigs grunnskóla til að vinna verkefni með nemendum sínum um Barnasáttmálann. Hugmyndin var sú að nemendur myndu útbúa réttindatré eftir að hafa fengið kynningu á innihaldi sáttmálans. Nemendur í tveimur skólum hafa lokið verkefninu, annars vegar nemendur í 1. bekk í Akurskóla og hins vegar nemendur í 3. bekk í Holtaskóla. Stýrihópurinn leggur áherslu á að öll börn fái fræðslu um Barnasáttmálann og læri að þekkja réttindin sín. Vonast er til þess að fleiri skólar feti sömu spor og leyfi yngstu börnunum að vinna með Barnasáttmálann á skapandi hátt. Verkefninu verður fylgt eftir og mun stýrihópurinn hvetja fleiri skóla til að fræða yngstu börnin um Barnasáttmálann og vinna verkefni um sáttmálann.



Réttindatré nemenda í 1.

bekk í Akurskóla

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki velferðarsviðs innan sveitarfélagsins sem utan fyrir þá góðu samvinnu og það þverfaglega samstarf sem við eignum saman í þágu bæjarbúa.

Jafnframt vil ég þakka samstarfsmönnum í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, bæjarstjóra og kjörnum fulltrúum fyrir samstarfið á árinu. Áskoranir eru til að takast á við þær og verkefnin til að leysa þau af virðingu, eldmóði og framsækni. Á hverju ári leggjum við af stað í nýja vegferð saman og gerum upp árið með samantekt í ársskýrslu sem þessari.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREY TILEIKANS